

Djöfull er ég sæt í dag

Margrét Erla Maack segir heilu fyrirtækin rekin á þeim grundvelli að fólk hati líkama sinn og þurfi að breyta honum.
– sjá síðu 12



UPPÁHALDS

SKIPIN



Anna Kristjánsdóttir vélstjóri er komin á eftirlaun og skrifar skemmtilega pistla frá Tenerife þar sem hún býr nú. Hún hugsar ávallt hlýlega til þeirra skipa sem hún starfaði á yfir ævina. Hún segir tvö skip bera af og hún geti ekki gert upp á milli þeirra, Álafoss og Vestmannaey VE-54. Þau hafi verið gjörólík en á báðum verið góður og skemmtilegur mannskapur.

**1 Álafoss**

Álafoss sem var smíðaður í Danmörku 1978 og í rekstri hjá Eimskip frá 1980 til ca. 1989, en er núna aðallega í förum á milli hafna við Svartahaf.

**2 Vestmannaey VE-54**

Vestmannaey sem var smíðuð í Japan 1972 en seld til Argentínu um 2006 og gerð út þaðan eftir það.

3 Bakkafoss (II)

Skipið var smíðað 1970 og fór í brotajárn um 2010. Var í rekstri hjá Eimskip frá 1974 til 1982. Þarna var ég um borð samtals í tvö ár í Ameríkusiglingum, aðallega til Bandaríkjanna.

4 Jón Þorláksson RE 204

Skipið smíðað í Englandi árið 1949 og fírst út af Suðausturlandi árið 1974. Hið einasta sem er markvert við það skip hvað mig varðar, er að þarna byrjaði ég til sjós árið 1966 og því mikilvægur hluti af lífsreynslunni.

5 Bakkafoss (I)

Smíðað 1958 en var í rekstri hjá Eimskip frá 1963 til 1974. Ég var þarna á milli þekkja í Vélskólanum og í fríum, erfitt skip og hæggengt. Samt var eitthvað svo skemmtilegt við skipið og það fær því að vera með á listanum.

Peningana eða lífið

Það er þung stemning í samfélaginu. Verslunarmannahelginni hefur verið aflýst. Eða svo til. En það er meira undir en ein ferðahelgi, jafnvel þó hún sé almennt stærsta ferðahelgi ársins.

Á blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar og almannavarna í gær var tilkynnt um hertari aðgerðir vegna kórónaveirunnar; fjöldatakmark lækkuð niður í 100 manns, tveggja metra reglan aftur gerð að skyldu og enginn fær að koma í strætó nema með grímu.

Strax á þriðjudag lá í loftinu að hert yrði á aðgerðunum í kjölfar aukningar á tilfellum smits innanlands. Miðvikudagurinn leið síðan án þess að múkk heyrðist um framhaldið. Það var ekki fyrr en rétt fyrir hádegi á fimmtudegi sem tilkynnt var um breytingarnar, þegar fjöldi fólks var þegar búinn að pakka og skipuleggja verslunarmannahelgina í þaula.

Ég er ekki að kvarta út af mínum plönunum. Ákvað fyrir viku að halda mig bara heima. Búin að auka sprittnotkunina.

Forsetinn tók af skarið á undan ríkisstjórninni og aflýsti móttöku vegna innsetningar hans í embætti sem halda átti um helgina.

„Þessi ágæta móttaka má alveg missa sín – hún skiptir engu máli í hinu stóra samhengi,“ sagði forsetinn.

Þetta er líka alveg hárreitt. Rey Cup, Síamótið, N1-mótið og Orkumótið í Eyjum skipta engu máli í stóra samhenginu. Samt voru þessi mót haldin þegar við hefðum átt að halda að okkur höndum – bókstaflega – í kjölfar COVID-19. Opnun landsins skiptir engu máli í stóra samhenginu. Og nú erum við aftur á byrjunarreit.

Síðan síðasta bylgja reið yfir höfum við þó lært

„Nú vona ég bara að fólk virði í alvöru tveggja metra regluna.“

ýmislegt, eða komist að ýmsu. Fjöldi fólks sem fékk COVID-19 glímur við eftirköst sjúkdómsins jafnvel mánuðum síðar. Hópur vísindamanna frá University College London hafa sent frá sér skýrslu um tugi sjúklinga sem glímdu við truflanir á heilastarfsemi, heilablæðingar og taugaskaða í kjölfar þess að fá COVID-19. Fjöldi fólks hér á landi hefur farið í endurhæfingu á Reykjalundi, fólk sem þurfti ekki einu sinni að leggja inn á sjúkrahús eftir að hafa fengið kórónavírusinn.

En af hverju voru öll þessi mót haldin í skugga alheimsfaraldursins? Af hverju var landið opnað á ný fyrir ferðamönnum svo fljótt? Fyrir mér er svarið einfalt: Peningar. Hér hafa peningar verið teknir fram yfir heilbrigðissjónarmið. Peningar fram yfir lífið. Sem ætti auðvitað ekki að koma á óvart.

Nú vona ég bara að fólk virði í alvöru tveggja metra regluna, hætti að ryðjast fram fyrir fólk í biðröð bara af því það stóð tvo metra frá afgreiðslukassanum og bíði í eitt augnablik eftir að næsti maður í Bónus taki brauð úr hillunni áður en það klessir sér upp að honum til að taka brauðið við hliðina á.

„Peningana, ellegar ég slæ þig í rot,“ sungu Valgeir Guðjóns og Egill Ólafs um árið. Ætli þeim hafi dottið í hug að hægt væri að óska eftir hvoru tveggja? ■

Óskaveður þríeykisins

SVART HÖFÐI

Svarthöfði hefur alltaf haft gaman að verslunarmannahelginni. Á hverju ári finnur hann sér nýja bæjarhátíð til að hella í sig og mingla við lókalinn. Það hefur oftast ekki bara gengið nokkuð vel í minglinu hjá Svarthöfða og þess vegna var hann búinn að bíða spenntur eftir verslunarmannahelginni, alveg síðan þeirri síðustu lauk.

Þegar COVID-19 kom upp þá varð Svarthöfði frekar skelkaður og hugsaði með sér hvort það verði yfir höfuð einhver verslunarmannahelgi. Yfir tímann náði Svarthöfði að sætta sig við ástandið, hann gengur um gólf fyrir Þórólfi og hlýðir að sjálfsögðu Víði. Síðan er hann náttúrulega einn helsti talsmaður þess að vera

með grímu á andlitinu. Hann var alveg búinn að gera sér grein fyrir því að verslunarmannahelgin í ár yrði ekki eins og þær sem hafa verið áður, skiljanlega.

En það sem Svarthöfði neitar að taka í sátt er þessi hræðilega veðurspá sem „veðurfræðingarnir“ á veðurstofunni birtu fyrr í vikunni. Rigning, skúrir og hellidamba um allt land og ekki bara einn daginn, nei, alla helvítis helgina. Þú ert örugglega að velta því fyrir þér hvers vegna Svarthöfði notar gæsalappir í kringum orðið „veðurfræðingar“, er það ekki?

Það er einfaldlega vegna þess að hann neitar að trúa því að þetta sé satt, það hlýtur að vera eitthvað á bak við þessa veðurspá. Nei, af hverju ætti einhver „veðurfræðingur“ að ákveða að hafa svona vont veður? Ef þú vinnur við að velja

veðurspá, af hverju myndirðu þá ekki velja að hafa sól?

Svarthöfði fór að grúska í málinu og fékk það sem hann heldur að kallað sé uppljómun. Víðir, Þórólfi og Alma báðu um þetta veður. Þælið bara aðeins í þessu. Hvaða fólk er það sem hagnast mest af vondu veðri um verslunarmannahelgi? Hvaða fólk gjörsamlega þolir ekki samkomur þar sem mikill fjöldi kemur saman?

Þríeykið vill þetta allt saman, þau báðu örugglega þessa „veðurfræðinga“ um að velja þetta veður. Velja rigningu og leiðindi svo fólk slaki bara á heima hjá sér með rauðvinsglas og góða ræmu í tækinu. Það nennir enginn að djamma í tjaldi og í hellidambu og kulda.

Þegar hingað var komið benti ritstjóri Svarthöfða honum á að reyndar eru veðurfræðingar til í alvörunni, auk

þess sem þeir eru hámenntaðir og virkilega klárir einstaklingar. Þá runnu tvær grímur á Svarthöfða, þetta var kannski ekki þríeykinu að kenna. Þríeykið gerði þetta ekki en það (og í raun allir á landinu) nýtur bara góðs af þessari vondu veðurspá. Það er kannski ekki alltaf tenging á milli alls þess slæma í heiminum, þó svo að kórónaveiran og rigning um verslunarmannahelgina séu bæði glataðir hlutir þá tengjast þeir ekki.

En við skulum samt alveg hafa það á hreinu að þó svo að Víðir hafi ekki beðið veðurfræðinga um vont veður, þá er það alveg ljóst að hann bað veðurguðina um þetta veður.

Og það er bara gott að honum varð að ósk sinni. Verði bara heima og njótið um verslunarmannahelgina, Svarthöfði ætla allavega að gera það. ■



HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

Afgreiðslutíma
verslana um
verslunarmannahelgina
má sjá á
husa.is



ÚTSALA

ÚTSÖLUNNI LÝKUR UM HELGINA

Allt að 50% afsláttur

Sumarblóm, trjáplöntur, garðrósir og fjölærar plöntur -50%

Útipottar -25% • Gervisumarblóm -25% • Gasgrill (Gildir ekki af Weber) -20% • Kolagrill -20%

Reiðhjól (Gildir ekki af rafmagnshjólum) -20% • Keðjusagir -20% • Garðhúsgögn -20% • Slönguhjól (Claber) -30%

Álþróppur/stigar -20-25% • Sláttuvélar -20-25% • Rafmagns- og bensín hekkklippur -20-30%

Sláttuorf -20-30% • Hekk- og greinaklippur -30% • Háprýstidælar (Nilfisk) -20-25%

LADY málning -20% • Viðarvörn (Jotun) -20% • Pallaolía -20% • Viðarvörn (Gori) -30%

Útimálning -20% • Hnífapör og ýmis eldhúsáhöld -30% • Matarstell, glös og könnur -30%

Pottar, pönnur og hitakönnur -30% • Regnföt -30% • Útivistarfatnaður -25% • Barnaöryggi -20%

Vinnufatnaður -25% • Vinnuhanskar -20% • Vinnuöryggisvara (hjálmar, grímur o.fl.) -20%

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



3.490 kr

Tjaldstóll 600D
Tjaldstólar, svartir eða grænir.
2990914-2990915



2.890 kr

Kælibox
Kælibox. 24 ltr. 3899342



Garðhúsgögn
20%
afsláttur



21.990 kr

Tjald 4ja manna
Campsite Rocky. Rautt fjagra manna. 3901640

MEST LESIÐ

Á DV Í VIKUNNI

1 Myndavél rak á land – Sagði sögu skelfilegs harmleiks Árið 2005 rak myndavél á land í Taílandi, með myndum sem teknar voru tveimur mánuðum áður og sýndu síðustu mínúturnar í lífi bandarískra hjóna.

2 Sverrir tattoo er látinn: „Sakna þín ólýsanlega mikið“ Sverrir Þór Einarsson, einnig þekktur sem Sverrir tattoo, er látinn. Sverrir var 58 ára að aldri, þekktur húðflúrari og lítríkur persónuleiki.

3 Glæpur skekur Hrísey – Aldraður maður rændur milljónum – „Helvítis kvikindið læddist í kortið mitt“ Aldraður íbúi í Hrísey varð fyrir því að ræstingamanni tókst að millifæra hátt í þjár milljónir af bankareikningi hans.

4 Heilt fjölbýlishús grotnar niður á besta staði í borginni Rúmenskir verkamenn búa frítt í einu elsta, grónasta og dýrasta hverfi Reykjavíkurborgar.

5 Ásrún og Atli stunduðu kynlíf fyrir framan myndavél – „Þetta var aldrei leikið eða performerað“ Hjónin Atli Bollason og Ásrún Magnúsdóttir voru hluti af myndbandslistaverki Ragnars Kjartanssonar.

6 Mæðgur fundust látinn í bíl – Skelfileg ástæða andlátanna liggur nú fyrir Ung kona og dætur hennar tvær fundust látinn í bíl í Texasfylki í Bandaríkjunum. Aðdragandinn var vægast sagt skelfilegur.

7 Áreitt í Hagkaup í Skeifunni – „Ekki fokking grípa í rassinn á mér í miðri búð“ Hin tvítuga Rut Þorbjörnsdóttir varð fyrir þeirri óskemmtillegu reynslu að vera áreitt kynferðislega í verslun Hagkaups í Skeifunni.

8 Komst að sannleikanum um eiginmanninn daginn sem hann var myrtur Hin bandaríska Ashlee Birk komst að skelfilegu leyndarmáli mannsins síns sama dag og hann var skotinn til bana.

Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...



Gísli Rúnar látinn

Á miðvikudag var tilkynnt að hinn þjóðþekkti leikari, grínisti, handritshöfundur og þýðandi, Gísli Rúnar Jónsson væri látinn, 67 ára að aldri. Gísli Rúnar var gríðarlega afkastamikill á sínum ferli og kom að gerð fjölda sjónvarpsþátta, kvikmynda og leikverka sem eiga sér djúpar rætur í þjóðarsálinni. Samúdarkveðjum og minningarorðum hefur rignt yfir fjölskyldu Gísla Rúnars á samfélagsmiðlum undanfarna daga.

Ný tíðindi í máli Madeleine McCann

Erlendir miðlar greindu frá því í vikunni að þýskur kynferðisbrotamaður, Christian Brückner, væri grunaður um að vera valdur að hvarfi Madeleine McCann. Rannsókn hefur undanfarið staðið yfir í garði í Hannover í Þýskalandi þar sem Christian bjó fyrir nokkrum árum. Lögreglan gæti verið að leita að líkamsleifum Madeleine, fatnaði hennar eða símtækjum eða öðrum rafrænum búnaði sem tilheyrir hinum grunaða.



Endurráðningar flugfreyja

Félagsmenn FFÍ samþykktu nýgerðan kjarasamning við Ícelandair fyrr í vikunni. Fram kom að 170 flugfreyjur yrðu endurráðnar. Samkvæmt nýjustu fregnum er mikil óánægja á meðal félagsmanna FFÍ með endurráðningarnar og snýr það meðal annars að þeirri ákvörðun að taka ekki eingöngu mið af starfsaldri við endurráðningar, heldur lúti einnig að þáttum eins og frammistöðu.



Aðgerðir gegn COVID-19 hertar á ný

Tilkynnt var um hertar aðgerðir innanlands og á landamærum vegna COVID-19 frá hádegi 31. júlí. Fjöldatakmarkanir miðast þá við 100 manns og tveggja metra reglan verður skylda á ný. Eins og staðan er í dag eru 39 sýktir af veirunni hér á landi, 215 manns eru í sóttkví og búast má við að þeim fari fjölgandi á næstunni. Einn sýktur einstaklingur hefur verið lagður inn á Landspítalann.

Vill fá vopnaða lífverði

Jeffrey Ross Gunter, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, vakti reiði margra með Twitter-færslu þar sem hann notaði orðið „Kínaveira“ yfir kórónaveirufaraldurinn og lét fylgja með mynd af bandaríska og íslenska fáninum. Í umfjöllun CBS kemur fram að sendiherrann telur lífi sínu ógnað á Íslandi og vill fá vopnaða lífverði.



Knattspyrnan í hættu

Greint var frá því í vikunni að íþróttaviðburðum fullorðinna muni verða frestað um viku. Það á einnig við um alla knattspyrnuleiki fullorðinna sem hefðu átt að fara fram á næstu dögum. Þrátt fyrir að einungis sé um viku að ræða þá gæti komið til harðari aðgerða á næstunni. Tímabil í íslensku knattspyrnunni gætu því verið í hættu ef aðgerðir verða hertar.

Vertu viss um að velja besta kjötið á grillið!

FJALLALAMB
KÓPASKERI
NORÐUR-ÞINGEYSK NÁTTÚRUAUFURÐ

Meira á www.fjallalamb.is

FARANGURSBOX Í MIKLU ÚRVALI



HAPRO OG NORDRIVE

HAPRO ROADY 350



Burðargeta allt að 50 kg
300 lítra **48.990 kr**

HAPRO ROADY 450



Burðargeta allt að 50 kg
420 lítra **59.990 kr**

HAPRO TRAXER 4.6



Burðargeta allt að 75 kg
370 lítra Svart **84.995 kr**

HAPRO TRAXER 6.6



Burðargeta Silfurgrátt **94.990 kr**
allt að 75 kg Steingrátt **94.990 kr**
410 lítra Svart **119.990 kr**

HAPRO TRAXER 8.6



Burðargeta Silfurgrátt **124.990 kr**
allt að 75 kg Svart **139.990 kr**
530 lítra

NORDRIVE 330



Burðargeta allt að 75 kg
330 lítra Svart **58.989 kr**

NORDRIVE 430



Burðargeta Silfur **53.499 kr**
allt að 75 kg Svart **74.990 kr**
430 lítra

NORDRIVE 530



Burðargeta Hvít **79.889 kr**
allt að 75 kg Silfur **79.889 kr**
530 lítra Svart **92.169 kr**



Bíla naust

Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

Vatnagarðar 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

FLÓKIN AMFETAMÍNFRAMLEIÐSLA RYÐUR SÉR TIL RÚMS Á ÍSLANDI

Dómum fyrir umfangsmikla amfetamínframleiðslu hefur fjölgað mikið á fáum árum. eru þeir talsvert harðari en dómur fyrir smygl á samskonar magni amfetamíns. Auk þessa eru uppi spurningar um hvar mörkin liggja á milli íblöndunar og framleiðslu.

Heimir
Hannesson
heimir@dv.is



Árið 1933 setti lyfjafyrirtækið Smith, Kline & French á markað í Bandaríkjunum nefúðann Benzadrine. Sala lyfsins var engum takmörkunum háð og fór salan vel af stað. Fljótlega komust notendur lyfsins á snöðir um aukaverkanir lyfsins, vellíðan, aukna athygli og meiri orku. Síðar fóru neytendur lyfsins að stunda það að brjóta pakkningar lyfsins og taka strimla sem þaktir voru virka efni lyfsins úr og kyngja í heilu lagi. Þannig hófst saga misnotkunar amfetamíns.

Amfetamín er stytting á „alpha(α)-methylphenethylamine“ og er ættingi metamfetamíns og MDMA. Amfetamín er kemískt [e. synthetic] efni og því ónáttúrulegt. Áhrif þess á mannlíkamann eru margs konar; það slær á þreytu, eykur orku, eykur athygli, slær á matarlyst og eykur vellíðan. Amfetamín er virka efnið í mörgum lyfseðilsskyldum lyfjum sem markaðssett eru víða um heim, til dæmis við síþreytu og athyglisbrest.

Saga amfetamíns er, sem fyrr sagði, býsna löng í Bandaríkjunum og á meginlandi Evrópu en eitthvað styttri hér á landi. Þannig segir til dæmis á vef SÁÁ að neysla amfetamíns á Íslandi hafi verið orðið vandamál á landinu á sjöunda áratugnum. Var þá amfetamíni og amfetamínskyldum lyfjum ávísað af læknum og þau lyf misnotuð.

Amfetamín var á þessum tíma ekki ólöglegt, en aðgangur að því engu að síður takmarkaður. Í reglugerð frá árinu 1966 kom fram að amfetamíntöflur skyldu vera í sjúkrakössum sjómanna, en það ákvæði var tekið út 1982 vegna tíðra innbrota í skip þar sem þjófar ásældust sjúkrekassana.

Samkvæmt greiningum SÁÁ náði neysla efnisins vissu hámarki á árunum 1985 til 1987 og féll svo örlítið þar til neysla þess jókst á ný á 10. áratugnum. Með tilkomu E-pillunnar jókst amfetamíneysla á ný, enda náskyld efni og neysla þeirra helst í hendur þó áhrif efnanna á líkamann



Lögreglumaðurinn Sigfús Rúnar Eiríksson með fjögur kíló af amfetamíni.

MYND/GVA

séu ekki þau sömu. Árið 2009 lögðust 622 stórneytendur amfetamíns inn á Vog, eða um 38,6% sjúklinga það árið. Hefur hlutfallið og fjöldinn lítið breyst síðan.

Algengasta efnið í bókum lögreglu


Amfetamín, er sem fyrr sagði syntetískt, eða kemískt, efni og því framleitt úr öðrum efnum. Á fyrri árum var því smyglað hingað til lands í tilbúnu formi, þ.e. í formi hvíts dufts. Algengast er að smygla til landsins sterkum efnum og þynna þau svo út með íblöndunarefnum á leið sinni til neytenda. Íblöndunarefnin eru margs konar, þó mjólkursukur sé vinsælastur. Til dæmis var lagt hald á heilt tonn af mjólkursukri í tengslum við umfangsmikið amfetamínframleiðslumál árið 2008.

Af magni af haldlögðu efni að dæma er ljóst að amfetamín er langtum algengasta efnið í bókum lögreglunnar. Árin 2006-2008 voru til að mynda haldlögð um 90 kíló. Árið 2009 kom skútan Sirtaki til landsins með um 100 kíló af fíkniefnum, þar á meðal 55 kíló af amfetamíni. Svo hefur það gerst að haldlagning amfetamíns í duftformi hefur mikið dregist saman. Á móti hefur málum fjölgað talsvert þar sem amfetamín er flutt inn í formi amfetamínbasu, vökva sem er umbreytt í duft hér á landi.

Upphaf amfetamínframleiðslu á Íslandi

Árið 2008 ákærði lögregla tvo menn í tengslum við umfangsmikla framleiðslu amfetamíns í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Voru þar að verki tveir menn sem kynnst höfðu á Litla-Hrauni þar sem þeir sátu inni hvor fyrir sitt brotið. Þegar lögregla skarst í leikinn höfðu mennirnir framleitt tæp 40 kíló af phenyl-2-nitropropane (P2PN), og þrjú og hálfan lítra af benzýl metýl ketón (P2P). Efnin, samkvæmt dómi í málinu, hefðu dugað til að framleiða 353 kíló af amfetamíni. Kom jafnframt fram í dómnum að búnaðurinn og uppsetningin hafi verið af mjög miklum gæðum og „búnaðurinn og

Búnaðurinn og efnin bentu til aðkomu aðila með efnafræðilega þekkingu. Saga spíttframleiðslu á Íslandi var hafin.



LOKAÁFANGI Í SÖLU

FREKARI UPPLÝSINGAR

 Brynjar Þór Sumarliðason Löggiltur fasteignasali Sími 896-1168	 Kjartan Hallgeirsson Löggiltur fasteignasali Sími 824-9093	 Unnar Kjartansson Nemi til löggildingar fasteignasala. Sími 867 0968	 Bjarni T. Jónsson Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali. Sími 895 9120	 Herdis Valb. Hölludóttir Löggiltur fasteignasali Sími 694 6166	 Ólafur H. Guðgeirsson MBA Rekstrar.hagfr./ löggiltur fasteignasali. Sími 663 2508
--	--	---	--	--	--

**EFSTALEITI OG LÁGALEITI
103 REYKJAVÍK**

- Nútímalegt íbúðarhverfi á einum besta stað í borginni. Sannkallað miðborgar hverfi í göngufæri við helstu verslunar- og þjónustukjarna borgarinnar og falleg útivistarsvæði.
- Íbúðirnar eru glæsilega innréttaðar.
- Rut Kára innanhússarkitekt sér um efnis- og litaval á innréttingum og flísum.
- Hluti íbúða tilbúna til afhendingar. Fjölbreytt úrval íbúða, verð frá 34,9 millj.

BÓKIÐ SKOÐUN HJÁ SÖLUMÖNNUM

**FJÖLBREYTT ÚRVAL ÍBÚÐA,
VERÐ FRÁ 34,9 MILLJ.**



FREKARI UPPLÝSINGAR

 Ólafur H. Guðgeirsson MBA Rekstrar.hagfr./ löggiltur fasteignasali. Sími 663 2508	 Bjarni T. Jónsson Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali. Sími 895 9120	 Herdis Valb. Hölludóttir Löggiltur fasteignasali Sími 694 6166	 Hrafnhildur B. Baldursdóttir Löggiltur fasteignasali Sími 862 1110
---	--	--	--



**URRIÐAHOLTSSTRÆTI
14-20**

VERÐ FRÁ 49,9 MILLJ.

BÓKIÐ SKOÐUN HJÁ SÖLUMÖNNUM



- Vandaðar og vel skipulagðar íbúðir í tveimur húsum með sameiginlegum bílakjallara.
- Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.
- Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna.

Afhending íbúða í ágúst 2020

Stærðir frá 86,2-241 fm
Verð frá 49,9-135 mkr.



FREKARI UPPLÝSINGAR

 Ólafur H. Guðgeirsson MBA Rekstrar.hagfr./ löggiltur fasteignasali. Sími 663 2508	 Bjarni T. Jónsson Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali. Sími 895 9120	 Herdis Valb. Hölludóttir Löggiltur fasteignasali Sími 694 6166	 Hrafnhildur B. Baldursdóttir Löggiltur fasteignasali Sími 862 1110
---	--	--	--

6

ÍBÚÐIR EFTIR
3-4 HERB.



**LYNGÁS 1
210 GARÐABÆR**

VERÐ FRÁ 48,9 MILLJ.

BÓKIÐ SKOÐUN HJÁ SÖLUMÖNNUM

- Hagkvæmar fjölskylduíbúðir á frábærum stað í Garðabæ
- Sérinnangangur af svalgangi
- Bílastæði í lokuðu bílastæðahúsi
- Vandaðar innréttingar frá AXIS
- Vel skipulagðar íbúðir
- Sér afnotaréttur á jarðhæð
- Tilbúnaar til afhendingar

efnin bent til aðkomu aðila með efnafræðilega þekkingu.“ Saga spíttframleiðslu á Íslandi var hafin.

2008 var reyndar afdrifaríkt ár í Íslandssögunni. Bankahrunið olli hrúni íslensku krónunnar og var þar með erlendur gjaldeyrir dýrari auk þess sem aðgengi að honum var takmarkað með gjaldþyrshöftum. Hvoru tveggja hafði áhrif á íslenskan fíkniefnamarkað. Það vakti því talsverða athygli þegar verð á kannabisefnum hækkaði lítið sem ekki neitt. Svo virtist sem kannabisefnin væru ónæg fyrir gengishruni íslensku krónunnar og svo til eina innlenda neysluvaran hvers verð hækkaði ekki á verðbólgu-tímum. Þótti það gefa vísbendingu um að framleiðsla þeirra efna færi fram innanlands. Hassið, samþjappaða brúna leðjan, hvarf eins og döggi fyrir sólu og í staðinn kom grasið, marjúána. Árið 2008 voru rúm 233 kíló haldlögð af hassi á Íslandi. Það sem af er ári 2020 hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu haldlagt 33 grömm, 0,01% af því sem áður var.

Umbreyting amfetamín-basa einföld framkvæmd

Sterkar vísbendingar eru nú um að framleiðsla amfetamíns fari í meira mæli fram hér á landi. Framleiðsla amfetamíns er miklu flóknari en framleiðsla kannabisefna og krefst í öllum tilfellum þekkingar á efnafræði.

Framleiðslu amfetamíns hér á landi, má af dómum að dæma, skipta í tvennt. Annars vegar framleiðslu amfetamín-basa, en hráefnin í þá framleiðslu fást auðveldlega með löglegum hætti. Þó eru þau mörg eftirlitsskyld. Þannig voru það viðamikil kaup á þessum efnum og efnafræðibúnaði sem komu lögreglu á spor spíttverksmiðjunnar fullkomnu í Hafnarfirði. Hins vegar er það umbreytingin á



Landhelgisgæslan veitti skútunni Sirtaki æsilega eftirför árið 2009. Slöngubátur hafði áður verið notaður til að sækja rúm 100 kíló af fíkniefnum í skútuna rétt sunnan við Papey. Þar af voru 55 kíló af amfetamíni.

MYND/ANTON BRINK



Amfetamínverksmiðjan í Hafnarfirði. Uppsetning hennar er sögð hafa krafist mikillar þekkingar á efnafræði.

MYND/LÖGREGLAN

amfetamínbasanum í tilbúið efni til neyslu í duftformi. Það krefst ekki sama tilstands og þekkingar.

Deildar meiningar eru reyndar um hvort þetta síðastnefnda sé í raun amfetamín-



Lögregla við störf á vettvangi amfetamínverksmiðjunnar í Hafnarfirði árið 2008. Europól aðstoðaði lögregluna.

MYND/LÖGREGLAN

„Stundum brennur þetta eða hitnar mikið og þá þarf að hreinsa þetta og það er gert með kaffipokunum. Þeir eru til þess. Þetta er þá sett í kaffipokann og etanóli hellt yfir.“

framleiðsla. Þannig var fjallað um umbreytingu amfetamín-basa í amfetamín-súlfat, þ.e. amfetamín í duftformi, í nýlegum dómi. Sagði þar: „Ferlið felst í því að breyta amfetamínvökva í fast form og það er einfalt. Etanól er sett saman við amfetamín-basann og brennisteinssýru hrært hægt saman við þangað til þetta er orðið að leðju og þá sé koffein sett saman við.“ Einhver sprengihætta er á meðan brennisteinssýrunni er hrært saman við basann og því er henni hellt hægt út í. Enn fremur myndast tals-

verður hiti við blöndunina og því er þörf á kælingu. Í þessu máli var notast við þurrís í plastboxi með loki, en gat gert á lok til að koma fyrir potti. Potturinn var svo settur í gat-ið ofan í þurrísinn, og í honum blandaður basinn og brennisteinssýra. „Stundum brennur þetta eða hitnar mikið og þá þarf að hreinsa þetta og það er gert með kaffipokunum. Þeir eru til þess. Þetta er þá sett í kaffipokann og etanóli hellt yfir.“ Þegar hreina leðjan er klár er svo koffeini hrært saman við með hrærivél. Að þessu loknu er leðjan látin

þorna þar til eftir stendur hvítt duft.

Þrátt fyrir að þessi „uppskrift“ kunni að hljóma eins og flókin efnafræði, er raunin sú að allt sem til þarf má nálgast auðveldlega á löglegan hátt, og uppskriftina er hægt að nálgast með einföldu „gúggli“. Það er þessi einfaldleiki og sú staðreynd að virka efnið er í raun og veru þegar til staðar í amfetamín-basanum í upphafi ferlisins, sem vekur upp spurningar

ÚTSALA

30-50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Laugarnar í Reykjavík



Fyrir líkama og sál



www.itr.is



westfalia
AUTOMOTIVE

DRÁTTARBEISLI

Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og afgreiðslutíma hjá Bílanaust.



Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

www.bilanaust.is

um hvort í ferlinu felist í raun og veru „framleiðsla“ amfetamíns.

Efnahvörf eða framleiðsla?

DV tók nokkra lögmenn tali. Allir hafa þeir reynslu af málsvörn í amfetamínframleiðslumálum, og allir voru þeir á einu máli. Að breyta amfetamínbasa í amfetamínsúlfat er ekki framleiðsla á amfetamíni. Einn líkti því við að hita vatn og breyta því í gufu. Vatnið er vatn, hvort sem það er í fljótandi formi eða í gasformi. Dómstólar landsins eru þeim ekki sam-mála.

Þrír menn sem komu að umbreytingu amfetamínbasa í amfetamínsúlfat voru nýlega dæmdir í héraðsdómi til samtals 19 ára fangelsisvistar, einn í sjö ár, hinir tveir í sex ár hvor. Héraðsdómur mat útskýringar mannanna á því að um íblöndun hafi verið að ræða lítills. Landsréttur mildaði dómana og staðfesti niðurstöðu héraðsdóms að um framleiðslu hafi verið að ræða en ekki íblöndun.

En hvaða máli skiptir þetta allt saman? Ef amfetamínbasi er amfetamín og amfetamínsúlfat er amfetamín, er þetta ekki allt sama lögbrotið? Jú, en samt ekki. Víkur þá sögunni að dómstólum og laga-bókstafnum.

Refsiramminn nýttur til hins ítrasta

Þremmingarnir voru í málinu fundnir sekir um að hafa brotið 173. gr. almennra hegningarlaga. Þar segir: „Hver, sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni lætur mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendir þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt, skal sæta fangelsi allt að 12 árum.“ Í annarri málsgrein ákvæðisins segir: „Sömu refsingu skal sá sæta, sem gegn ákvæðum nefndra laga framleiðir, býr til, flytur inn, flytur út, kaupir, lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt, sem greint er í 1. mgr.“ Þarna er innflutningur, sala, dreifing, og framleiðsla lögð að jöfnu og allt sett í sama refsiramma hegningarlaga.

Þar með er þó sagan ekki öll sögð, því dómstólar hafa í 12 ár, frá því fyrsta stóra amfetamínframleiðslumálið kom upp í Hafnarfirði, nýtt refsirammann sem þeim er gefinn í áðurnefndri 173. gr. hegningarlaga mun betur í tilfellingum framleiðslu en í smyglmálum. Þannig hafa dómstólar metið það alvarlegri glæp að koma að framleiðslu efnis hér á landi en að smygla því eða selja það.

Löng hefð er fyrir því að þyngd dóma stjórnist af magni fíkniefna. Þannig má maður sem handtekinn er með kíló af efnum búast við þyngri dómi en sá sem gripinn er með 100 grömm. Jafnframt er litið til þess í smyglmálum hvort



Amfetamín er selt í hvítu duftformi, en kemur nú orðið sjaldnast þannig til landsins.

MYND/HARI

Haldlagt amfetamín hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

2016	8,5 kíló
2017	12,5 kíló
2018	3 kíló
2019	12,5 kíló
2020 það sem af er ári	14,5 kíló

skipulagning og fjármögnun hafi verið í verkahring þess sakfellda eða ekki. Þannig hafa til dæmis þeir sem bersýnilega eru burðardýr fengið vægari dóma. Samt eru dómur, líkt og áður sagði, þyngri ef um framleiðslu að ræða. Í áðurnefndu amfetamínbasamáli féll 7 ára fangelsisdómur fyrir fjögur og hálf kíló af amfetamíni auk framleiðslu á kannabisefnum. Sama ár féll dómur yfir mönnum sem smyglað höfðu um 40 kílóum af amfetamíni auk fimm til viðbótar af kókaíni. Voru þeir dæmdir í átta ára fangelsisvist. Fyrr í sumar féll svo annar dómur fyrir amfetamínframleiðslu. Var þar um að ræða amfetamínframleiðslu frá grunni. Sex einstaklingar voru í því máli dæmdir í samanlagt 22 ára fangelsi fyrir 4 kíló af amfetamíni.

Mikil og hröð fjölgun framleiðslumála í dómskerfinu

Þegar litið er til mats dómstóla á alvarleika framleiðslu amfetamíns samanborið við smygl á amfetamíni er ekki úr vegi að spyrja hvers vegna menn taka þessa auknu áhættu. Enn þarf að smygla inn basanum, og við þá áhættu bætist svo tilstandið við framleiðsluna. Aðspurður hvað það er sem reki fólk af stað í þessa vegferð svarar Margeir Sveinsson hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu að von um skjótan gróða sé það sem drífi menn af stað í þessa vegferð sem aðrar tengdar fíkniefnum.

Talsvert mikil fjölgun

hefur orðið á stórum framleiðslumálum segir Margeir og er það sjáanlegt í fjölda dóma. Aðeins 12 ár séu frá fyrsta stóra framleiðslumálinu, því í Hafnarfirði, og ljóst að amfetamín er í auknum mæli framleitt hér á landi. Segir Margeir að þróunin sé í samræmi við það sem sást í tengslum við marjúánað í kjölfar hrunsins 2008. Enn fremur má sjá að haldlagt amfetamín á landamæraströðvum hefur minnkað með árunum, en haldlagt amfetamín hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu staðið í stað.

Aðspurður um hvað lögreglan telji sig vera að ná stórum hluta af efnunum í umferð segir Margeir það ómögulegt að segja nákvæmlega, en það er ekki nema brot.

Ísland ekki fíkniefnalaust

Eitt sé þó ljóst af þessu öllu saman. Ísland er ekki fíkniefnalaust land, og amfetamínið er enn risastór þáttur í vímuefnavandanum. Valgerður Rúnarsdóttir, yfirlæknir á Vogu sagði við DV að örvandi efnin væru „stóra vandamálið“. Þau væru fyrirferðamest í fíknivanda þeirra skjólstaðinga, og fíkn í þau algeng meðal sprautufíkla. Ef skoðaðar eru tölur aftur í tímann sjást litlar breytingar þar á. Neysla meðal ungmenna hefur þó dregist saman, en að sama skapi hefur hlutfall þeirra sem neyta efna í æð aukist. Rímar það við orð Valgerðar um að tilfelling séu færri nú en alvarlegri, og amfetamínið í lykilhlutverki. ■

EVY
TECHNOLOGY

UVA

5 stjörnur



**ALLT AÐ 6 TÍMA
SÓLARVÖRN**

**beauty
shortlist
AWARDS
2018**

WINNER



www.bast-i-test.se/solkram

ÞOLIR SJÓ, SUND, ÍÞRÓTTIR OG LEIK

Viðbætt kollagen, silkeextrakt, C- og E-vítamín fyrirbyggir og lagfærir sólaskaða í húð.

- Húðin verður fallega sólbrún, mjúk og rakafyllt. Best í test þrjú ár í röð.
- Ofnæmisprófað er gott gegn sólarexem og sólarofnæmi. Þægilegt að bera á húðina, vatnsheld ekkert klístur eða fituáferð.
- Engin paraben, engin ilm-eða nanaóeindir. Engin hormónatruflandi efni.
- Meðmæli húðlækna.

**Grunnformúlan er
læknisfræðilega skráð**



Mesta pönkið að vera sáttur við sjálfan sig

Margrét Erla Maack upplifði fæðingardepurð eftir að hún eignaðist dóttur sína og er fyrst nú að verða aftur hún sjálf. Hún segir skemmtilegast að kenna „burlesque“ þar sem konur vilja eiga samtál við sjálfa sig og hvar þær standa í sínum þokka.

Erla
Hlynsdóttir
erlahlyns@dv.is



Portið fyrir framan Kramhúsið er umvafið byggingum og þegar það er gott veður þá er hvergi betra að vera en einmitt í þessu porti. Þar er algjört logn og sjóðandi heitt. Það var á einmitt þannig degi sem ég hafði mælt mér mót við Margréti Erlu Maack í einmitt þessu porti. Þegar ég kem auga á hana sé ég að hún er bara á brjóstahaldaranum en ekki nóg með það heldur er hún að klæða sig úr gallabuxunum. „Ég bara get ekki verið í fötum í þessum hita,“ segir hún. Ég er sammála, finnst hitinn þrúgandi en ákveð þó að halda mig í fötum. Ég er jú í vinnunni. Út af COVID-19 tókumst við auðvitað ekkert í hendur þó við séum að hittast í fyrsta skipti. Keyrum þetta bara í gang.

Margrét Erla Maack er svo ótrúlega margt. Hún er vinsæll plötusnúður, veislu-

stjóri, dansari, danskennari og spurningahöfundur. Hún stýrði „burlesque“sýningunni Reykjavík Kabarett þar sem gestir ýmist hlæja sig máttlausa eða roðna niður í tær og nú kabarettssýningunum Búkalú sem eru stranglega bannaðar innan 20 ára og „hentar ekki þeim sem hræðast undur mannlíkamans“ eins og segir í auglýsingu. Þá kennir hún í sérsniðnum hópatímum í Kramhúsinu þar sem gæsa- og steggjaveislur njóta sérstakra vinsælda. Listinn er endalaus.

Síðustu níu mánuði hefur hún síðan sinnt glænýju hlutverki, móðurhlutverkinu. „Ég ætlaði alltaf að verða mamma. Ég átti bara erfitt með að finna rétta manninn til að koma í þetta með mér. Ég ætlaði alltaf að eignast fullt af börnum en stundum hugsa ég að þetta sé kannski bara komið gott. Stelpan mín er svakalega hress og þá meina ég svakalega hress. Hún er mjög skemmtilegur krakki en það er ekkert til hjá henni sem heitir slökun,“ segir hún. Barnsfaðir Margrétar Erlu

heitir Tómas Steindórsson og dóttir þeirra ber nafn móður Margrétar Erlu og svo móður Tómasar – Ragnheiður Nína. „Þetta er smá púsl hjá okkur núna því pabbi hennar er í fullri vinnu en ég í hálfri vinnu. Það er samt eiginlega slegist um að fá að passa hana sem er mjög jákvætt. Það eru ekki allir sem búa við þann lúxus að hafa bakland hjá báðum foreldrum og að það fólk sé til í að hjálpa.“

Fjárhagsáhyggjur í fæðingarorlofi

Í hugum margra er Margrét Erla einhvers konar ímynd gleðinnar. Í raun er hún hins vegar núna að verða aftur hún sjálf eftir barnsburðinn. „Ég fór ofboðslega langt niður eftir fæðinguna. Í ungbarna-efirlitinu spurðu þær mig mikið um líðan mína. Ef ég hefði fengið tíu stig á spurningaskalanum sem var lagður fyrir mig hefði ég verið send til sálfræðings en ég fékk merkilegt að ég gerði mér ekki grein fyrir því á sínum

Dóttir Margrétar Erlu og Tómasar heitir Ragnheiður Nína, og er slegist um að fá að passa hana.

MYND/ERNIR



tíma hvað ég fór langt niður. Það er bara núna sem ég er að koma aftur sem ég átta mig á því. Þetta var í raun klassísk fæðingardepurð og ég held að margt hafi spilað þar inn í,“ segir hún. Dóttirin fæddist í október sem er einmitt á þeim tíma sem mörg fyrir-tæki eru að bóka veislustjóra og skemmtikrafta fyrir árshátíð. „Ég þurfti að segja nei við svo marga sem dró mig niður og ég hafði áhyggjur af því að síminn myndi hreinlega hætta að hringja. Þarna spila fjárhagsáhyggjur auðvitað inn í.“

Margrét Erla er almennt sjálfstætt starfandi og þegar hún var ólétt komst hún að því að hún ætti afar lítil réttindi inni hjá Fæðingarorlofssjóði. Hún greip því til þess ráðs að hefja hópfjármögnun til að eiga fyrir fæðingarorlofinu og þeir sem hétu á hana gátu meðal annars keypt danstíma, námskeið í veislustjórn eða miða á Búkalú. „Þetta tókst vel og það var gaman að finna þennan mikla meðbyr. Það skipti mig líka máli að heyra frá mörgum sem sögðust hafa

verið í sömu stöðu. Þetta voru ekki bara sjálfstætt starfandi listamenn, listamannaafæt-urnar, heldur líka mikið af fólki í frumkvöðlastarfsemi. Mjög margir höfðu lent í því að eiga von á barni einmitt eftir árið þar sem fólk var að færa fórnir til framtíðar í sinni nýsköpun.“ Þó söfnunin hafi gengið vel logaði hins vegar athugasemdakerfi fjölmiðla.

Ekkert bara „kík-í-píkí“

„Mér finnst allt í lagi að vera illa gefinn en það er annað að vera illa innrættur. Ég las alls konar athugasemdir um mig sem ég tók mjög inn á mig. Þarna var fólk sem sagði að ég ætti nú bara að borga mína skatta. Ég hef hins vegar alltaf borgað mína skatta. Um ári áður en ég varð ólétt átti ég ágætan varasjóð og ákvað að taka þátt í uppsetningu Borgarleikhússins á Rocky Horror sem mér fannst skemmtilegt verkefni. Fæðingarorlofs-sjóður miðar við tekjur árið áður en þú eignast barnið og það kom aldeilis í bakið á mér.“



Mér finnst leitt að það fari eftir starfsstéttum hvort fólk hafi efni á að eignast slysa-barn og mér finnst tvöfalt síðgæði fólgjó í því," segir Margrét Erla en bætir við. „Hún var slysa-barn en auðvitað veit ég hvernig börnin verða til. Ég bara bjóst við því að það tæki lengri tíma fyrir mig að verða ólétt, komin á þennan aldur og svona. En þetta gerðist líklega bara í fyrsta skoti. Maðurinn minn er auðvitað svo ungur," segir hún og hlær.

Hún er 36 ára en Tómas er 29 ára. Áður en hún komst að því að hún væri ólétt sagði ná-komin kona henni frá því að hún væri með öll helstu ein-kenni PCOS, fjölblöðrueggja-stokkaheilkennis, sem hefur áhrif á frjósemi. „Ég fór því til læknis til að láta athuga þetta. Arnar Hauksson kven-sjúkdómalæknis sagði þá að það væri enginn frjósemis-vandi að hrjá mig því ég væri komin 8 vikur á leið. Ég hef líklega orðið ólétt um það leyti sem ég tók síðustu pilluna.“ Hér grípur blaðamaður inni til að lýsa yfir ánægju sinni

með læknisheimsóknir til Arnars sem er orðinn goðsögn í bransanum. Margrét Erla tekur undir. „Ég elska hann. Hjá kvensjúkdómalæknum hugsar maður oft bara „Plís, kláraðu þetta.“ Arnar Hauksson er hins vegar maður sem ég hlakka til að fara til. Það er ekkert bara „kík-í-píkí“ heldur veitir hann manni sálægslu. Arnar er einstakur maður.“

Dansbróltið er vinnan mín

Margrét Erla og Tómas kynntust á Tinder. Hann sendi henni þá skilaboðin: „Þú varst að „matcha“ við þinn stærsta aðdáanda í Útsvarinu.“ Hún hafði þá verið keppandi í þættinum fyrir hönd Reykjavíkur. Margrét Erla kunnir vitanlega vel að meta þessi orð Tómasar. „Mér fannst bæði fyndið ef hann væri að meina þetta en líka fyndið ef hann væri að grínast. Síðan var hann að meina þetta, sagði að honum hefði fundist ég svo fyndin og klár í Útsvari. Á okkar fyrsta stefnumóti kom hann heim til mín með kíló af nammi af nammibarnum í Hagkaup og

Á okkar fyrsta stefnumóti kom hann heim til mín með kíló af nammi af nammibarnum í Hagkaup og við hörfðum á nokkra þætti af Útsvari.

við hörfðum á nokkra þætti af Útsvari. Ég held að það geti alveg verið varhugavert að fá fólk heim til sín á fyrsta stefnumóti en þetta gekk upp og hann fór eiginlega ekki eftir þetta.“

Hún segir tilhugalífið með Tómasi hafa verið öðruvísi en hún átti að venjast. „Hann er svo heill og sannur, hefur ekkert að fela. Hann er sveita-

strákur og ég held að það skipti máli að hann er ekki með neina komplexa. Hann er stór og sterkur og þarf ekkert að þúffa sig upp til að þykjast vera annað en hann er. Hann á líka fallegt samband við fjölskylduna sína sem skiptir mig máli. Hann var líka til í að segja: „Margrét, láttu ekki svona!“ Það hafði enginn talað þannig við mig. Hann mætir

mér líka alltaf sem jafningja.“

Þangað til hún kynntist Tómasi höfðu sambönd oft strandað á stöðum sem komu henni mjög á óvart. „Ég kannski byrjaði með einhverjum sem hafði heillast af því að ég var DJ eða með „burlesque“ sýningar. Nokkrum mánuðum seinna fóru þeir svo að spyrja hvenær ég ætlaði nú að hætta þessu dansbrólti. Þetta

dansbrólt var hins vegar vinnan mín. Ég upplifði að þeim fyndist ég mega sýna á meðan ég var einhleyp en þegar við værum komin í samband væri ég orðin þeirra eign. Tómas hefur aldrei sýnt mér svona viðhorf. Hann hefur alltaf sýnt mér og starfinu mínu virðingu og finnst bara geggjað það sem ég er að gera.“

Tekur kommentin inn á sig

Margrét Erla viðurkennir að í gegnum árin hafi athugasemdakerfi fjölmiðla tekið á taugarnar. Áður en þetta viðtal er tekið tilkynnir blaðamaður henni að það sé ekkert mál að loka athugasemdakerfinu á dv.is þar sem viðtalið birtist á endanum. „Mér finnst svo þreytandi hversu margir eru tilbúnir til að segja að ég sé athyglissjúk tussa þegar fjallað er um mig í fjölmiðlum. Ég man eftir því þegar ég var í atvinnuleit og setti inn frumlega færslu um það á Facebook sem blaðamaður vildi síðan birta því honum fannst þetta skemmtileg leið til að leita að vinnu. Kommentakerfið fylltist þá af athugasemdum frá fólki sem sagðist nú eiga frænda sem væri líka að leita að vinnu en það hefði enginn skrifað frétt um það. Auðvitað á maður ekki að taka þetta inn á sig en maður gerir það samt. Dropinn holar steininn. Það kemur mér alltaf jafn mikið á óvart hvað fólk getur verið illa innrætt.“ Hér skal tekið fram að DV hafði samband við Margréti Erlu að fyrra bragði og óskaði eftir viðtali við hana.

„Þegar á hólminn er komið myndi ekkert af þessu fólki tala svona við mann persónulega. En þegar valdamesti maður í heimi talar eins og hann talar þá er búið að gefa ákveðið leyfi fyrir því að segja hluti sem samræmast ekki almennt. Ég held að fólk sem segir þessa ljótu hluti á netinu sé að leita að mannlegum samskiptum og sé hreinlega komið á þann stað að það vill óheilbrigð samskipti frekar en engin. Auðvitað hafa þessar neikvæðu athugasemdir áhrif á mig þrátt fyrir að þau jákvæðu séu alltaf miklu fleiri. Röksemdafærslan um að ég hafi nú farið í þetta viðtal og geti því átt von á þessu slá mig samt bara eins og að ég hafi nú bara verið að bjóða upp á ýmislegt því ég var í of stuttu pils.“

Hér er komið að játningu hjá blaðamanni: „Ég hef aldrei áður tekið viðtal við neinn sem fækkar fötum.“ Margrét Erla spyr hvort ég sé þá að tala um í viðtalinu sjálfu eða almennt. Blaðamaður: „Allavega ekki í viðtalinu sjálfu.“

Útrás og spenna

Það var árið 2007 sem hún datt inn í kabarett-senuna í New York. „Þá byrjaði þetta allt. Í sömu vikunni hætti kærastinn með mér og ég vann milljón í Happdrætti Háskólans. Ég ákvað þá að fara til New York og læra dans.“ Hún hafði raunar lært dans frá unga aldri og meðal annars



Margrét Erla vill sýna kvenmannslíkamann sem sterkann, fyndinn og skrýttinn.

MYND/ERNIR

„Ég hef sparað mér svo mikinn tíma, fyrirhöfn og leiðindi með því að vera sama.“

verið í ballettskóla. Í gegnum vini vinnu kynntist hún „burlesque“ heiminum þarna úti og þegar hún kom aftur heim saknaði hún þess að hér væri engin slík menning. Hún sá þó auglýsingu í Kramhúsinu um ókeypis sirkustíma og lét slag standa. „Hér í Kramhúsinu er mikil gróðrarstía ýmissa listahópa. Þessir tímar eru það sem síðan varð að Sirkus Íslands og stofnandi sirkussins borgaði salarleiguna með því að mála þakið.“

Margrét Erla segist á þessum tíma ekki síst hafa heillast af áherslu á jákvæða líkams-

ímynd. „Mig langaði að tala um þessi mál og vekja athygli á því að ef ég væri að sýna á sviði þá væru svo margar konur sem ættu ekki að óttast að mæta í sundklefann. Þetta veitti mér líka ákveðna útrás og stundum hugsaði ég um fyndin atriði sem væru enn fyndnari ef ég myndi sýna þau í engum buxum. Ég er líka alltaf þakklát fyrir það fólk sem tekur þátt í sýningunum með mér. Við erum allskonar og það er ekkert skemmtilegt ef allir fara úr fötum og gaman að vita aldrei hvað gerist næst.“

Þrátt fyrir gríðarlega fjölbreytt starf er hún ekki í neinum vandræðum með að nefna hvað er skemmtilegast. „Að kenna burlesque og kabarett. Á námskeiðin koma konur sem vilja eiga samtali við sjálfa sig og hvar þær standa í sínum þokka. Oft koma konur eftir barnsburð sem eru í sömu glímu og ég núna. Hver á þennan líkama? Líkaminn er þá orðinn matarbú fyrir nýja manneskju og það sem við sjáum í speglinum er ekki endilega það sem við tengjum við. Mér finnst líka alltaf gaman að fá konur á námskeið sem

segja í lokin, eins og þær séu hissa: „Ég var nú bara svolítið flott.“

Margrét Erla segir það skipta sig miklu að veita nýja sýn á kvenmannslíkamann. „Oft hugsa konur bara: Er ég sæt núna? En núna? Ég vil sýna kvenmannslíkamann sem sterkann, fyndinn og skrýttinn. Að á bak við kroppinn sé manneskja með kímniáfu, væntingar og þrár.“

Svo „flott kona“

Hún vakti mikla athygli á sínum tíma þegar hún leysti Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur af í Kastljósinu en fékk skilaboð sem henni fundust misvísandi. „Fólk sendi mér skilaboð um að það væri svo hressandi að sjá „svona konu“ á skjánum. Fólk fór endalaust í kring um þessi einföldu skilaboð: „Þú ert feit.“ Málið er að ég var ekki einu sinni feit á þessum tíma heldur í stærð 12-14. Ég fékk líka oft að heyra að ég væri svo „flott kona“. Ef einhver segir konu vera „flotta“ þýðir það í mínum huga að hún sé aðeins of feit, aðeins of gömul eða aðeins of gráhærð. Fyrir mig þýðir „flott kona“ að hún passi ekki inn í þennan hefðbundna fegurðarstaðal. Mér þykir reyndar alltaf vænt um þessi skilaboð því þau koma frá fallegum stað. Á sínum tíma fannst mér „feit“ vera neikvætt orð en núna upplifi ég það einfaldlega sem lýsingu á fólki. Að vera feitur þýðir ekki að vera ljótur.“

Skilaboðin sem hún fékk sem dagskrárgerðarkona í Kastljósi sneru síðan minnst að eiginlegu starfi hennar heldur frekar að því hvar hún hefði fengið hin og þessi föt. „Ég fæ oft skilaboð frá konum um að þær vildu óska að þær elskuðu líkama sinn eins og ég ég elski líkama minn. Ég elska hann ekki. Mér er sama. Sú staðreynd að mér er sama er svo miklu meiri ást en það hatur sem okkur er kennt að upplifa í garð líkama okkar. Mér er sama þó það sjáist í nærbuxnafar. Mér er sama þó ég sé núna með stærri maga en venjulega. Ég hef sparað mér svo mikinn tíma, fyrirhöfn og leiðindi með því að vera sama,“ segir hún í kæfandi hitanum í portinu við Kramhúsið, klædd nærbuxum, sokkum og brjóstahaldara.

„Þegar ég varð 35 ára fór ég að sjá svo miklu meira af megrunarauglýsingum á Facebook. Markaðurinn segir að þegar þú ert kona yfir 35 ára þá áttu að hata þig mjög mikið. Það hefur áður verið sagt að kapitalisminn myndi falla um sjálfan sig ef við myndum öll vakna á morgun, vera ánægð með líkama okkar og hugsa: „Djöfull er ég sæt í dag.“ Heilu fyrirtækin eru rekin á þeim grundvelli að fólk hafi líkama sinn og þurfi að breyta honum, bæði konur og karlar. Mesta pönkið núna er að vera ánægður með sjálfan sig, vera sáttur. Mér finnst það fallegt orð. Vera sáttur við sjálfan sig.“ ■



Við viljum Vilko!

-á vörum
Íslendinga
í yfir 50 ár

-einfaldara getur
það ekki verið!





Níu veitingastaðir hafa opnað að nýju og sjá fram á erfiðan vetur. Sex staðir hafa lokað alfarið á meðan framtíð fjórtan staða hangir á blápræði.

GRAFÍK/DV

Auður Ösp
Guðmundsdóttir
audur@dv.is



ERFIÐUR VETUR FRAMUNDAN

Yfir 30 veitingastaðir í miðborg Reykjavíkur lokuðu í kjölfar Covid-19 faraldursins. Sex þeirra hafa lokað dyrum sínum alfarið, þar á meðal rótgrónir veitingastaðir sem hafa verið starfræktir áratugum saman.

*NÝR STAÐUR Í STAÐINN

Café Paris
⇒ Duck and Rose

Bryggjan brugghús
⇒ Barion bryggjan

Sæmundur í sparifötunum
⇒ Flatus popup bar og veitingastaður

Downtown Café
⇒ Forsetinn kaffihús

Hertar fjöldatakmarkanir hafa í för með sér að ekki mega fleiri en 100 manns koma saman og opnartími veitingastaða helst óbreyttur. Ljóst er að ákvörðunin mun hafa veruleg áhrif á rekstur á veitinga og skemmtistaða. Níu veitingastaðir í miðborginni hafa opnað á ný á síðustu vikum en sumir þeirra eru þó með skertan opnartíma eða þá nýja eigendur. 14 staðir eru enn með læstar dyr og óvíst hvort eða hvenær þeir munu opna að nýju.

Reksturinn sífellt flóknari

„Almennt séð hefur rekstrarumhverfið ekki lagast. Eitt-hvað hefur dottið inn af erlendum ferðamönnum en svo hafa Íslendingar auðvitað verið að ferðast meira innanlands en áður. Þetta fer oft eftir samsetningunni á kunnahópnum. Sumir staðir eru með sterkan íslenskan kunnahóp, aðrir ekki,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðabjónustunnar, í samtali við DV.

Jóhannes bendir á að veitingastaðarekstur í miðborginni hafi orðið sífellt flóknari og erfiðari síðustu misserin, og róðurinn hafi byrjað að þyngjast löngu áður en Covid-19 faraldurinn skall á. „Það er fyrst og fremst þessi gríðarhá kostnaður, húsa-leiga og launakostnaður. Þú

þarft ákveðið mikla nýtingu á staðnum til að halda uppi launakostnaði, þegar nýtingin er undir því eða á mörkunum, verður reksturinn gríðarlega flóknari. Samkvæmt þeim veitingamönnum sem ég hef rætt við þá er orðið mjög erfitt að halda launakostnaðinum undir 50 prósentum. Það segir sig sjálft að þá er orðið mjög stutt í að sá kostnaður verði orðinn ósjálfbær.“

Jóhannes bendir á að flestir staðir noti sumarið til að

safna forða fyrir veturinn og jafna út árstíðabundnar sveiflur. Núna blasir við að rekstraraðilar þurfa að fara blint inn í næsta vetur. „Það er erfitt að segja til um næstu mánuði, við þurfum að taka stöðuna í lok október. Staðirnir hafa margir verið að bjóða mikla afslætti og Íslendingar hafa tekið vel við sér, sem er auðvitað frábært. En þetta verður erfiður vetur, bæði í miðborginni og úti á landi, það er alveg ljóst.“

Mikilvægt að hafa góðan grunn

„Það varð smá kippur eftir að landið var opnað aftur fyrir ferðamönnum. Eins og er þá erum við mest að lifa á helgunum. Þetta hefur gengið ágætlega,“ segir Ívar Þórðarson, annar eigandi Húmarhússins, en hann rak einnig veitingastaðinn Lækjarkrekkur þar til í apríl síðastliðnum.

Ívar segir rekstur beggja staðanna hafa farið að þyngjast löngu áður en Covid-19 skall á, ekki síst eftir að WOW

Air lagði upp laupana. Að lokum hafi ekki verið annað í stöðunni en skella í lás á Lækjarkrekkur og einblína á að halda Húmarhúsinu gangandi.

„Við vorum haltir eftir WOW. Covid var síðan rothöggið. Við gátum ekki haldið þessu á lífi lengur.“

Ívar tekur hiklaust undir að samsetning kunnahópsins hafi mikið að segja. „Það skiptir mjög miklu máli að vera með góðan grunn í „lókál.“ Við höfum auðvitað alltaf einblínt á túristana og við söknum stóru hópanna mikið.“

Þórir Björn Ríkhartsson er einn af eigendum veitingahússins Skólabrúar og indverska veitingastaðarins Gandhi í Pósthússtræti. Báðum stöðunum var lokað í vor, Skólabrú til frambúðar og Gandhi tímabundið. Stefnt er að því að opna Gandhi á nýjum stað á Bergstaðastræti um miðjan ágúst. Hann tekur fram að Gandhi hafi gengið mun betur, enda hafi rekstrinum verið beint meira að

Íslendingum, sem margir sækja í framandi mat. Því hafi verið grundvöllur fyrir að halda rekstrinum áfram, í nýju og hentugra húsnæði. Hjá Skólabrú var hins vegar aðeins eitt í stöðunni.

„Leigusamningurinn var að renna út akkúrat á þessum tímamarki og Covid hafði úrslitavaldið,“ segir Þórir, aðspurður um lokun Skólabrúar. Hann bætir við að einnig hafi spilað inn í aðrir þættir: Húsnæðið hafi verið of stórt undir reksturinn og þá hafi launakostnaður hækkað um 40 prósent á fjórum árum.

„Það segir sig sjálft að staðir eins og Skólabrú, sem eru eingöngu á túristamarkaðnum, þeir eiga engan séns. Þú skiptir ekki um gír bara sívona. Við unnum alltaf með ferðaskrifstofum, sérstaklega í Bandaríkjunum og Kanada. Hinir staðirnir sem voru meira að fókusera á til dæmis kokteila og innanlandsmarkað og voru áberandi á samfélagsmiðlum, höggið var ekki eins gríðarlegt fyrir þá.“ ■

Loft í maga?

Glímir þú við meltingartruflanir?



Er loft í maga og meltingartruflanir daglegir kvillar?

Hvönn er:

- Bakteríudrepandi,
- bólgueyðandi
- og styrkjandi



 **ICEHERBS**
NATURAL SUPPLEMENTS

Fæst í öllum helstu matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum.



Þingmenn Pírata eru allir orðnir þjóðþekktir og geta gert sér vonir um endurkjör.

MYND/ABSEND

Á ÞINGPÖLLUM

Björn Jón
Bragason

eyjan@eyjan.is



FYLGJI Á FLEYGIFERÐ

Hér í fjórða og síðasta pistlinum um stöðu flokkanna er fjallað um Flokk fólksins, Pírata og Viðreisn. Píratar vilja komast í ríkisstjórn að loknum kosningum og kanónur eru orðaðar við framboð hjá Viðreisn.

Hér í þessum þáttum hefur undanfarnar vikur verið fjallað um stjórn mála flokkanna, framboðsmál þeirra, fylgisþróun og fleira. Í liðinni viku var rætt um Samfylkinguna og Vinstri græn, en fyrrnefndi flokkurinn hefur gengið í gegnum feiknamiklar fylgisveiflur á fáum árum — farið úr um 30% fylgi og næstum niður fyrir 5% lágmarkið 2016. Það var þá sem Steingrímur J. Sigfússon kom að máli við Loga Einarsson og spurði hreint út hvort ekki væri tímabært að Samfylkingin gengi til liðs við VG...

...Síðan þá hefur Loga tekist að efla samstöðu í flokki sem var illa þjakaður af innanmeinum. Raunar hefur svo vel til tekist að Samfylkingin hefur stundum mælst með yfir 19% fylgi á kjörtímabilinu og fest sig í sessi sem næststærsti flokkurinn.

Þessi litla saga er ágæt áminning um hverfuleikann í stjórn mála: Flokkshollusta er lítil, fylgið á hreyfingu sem aldrei fyrr og það dreifist miklu meira en áður. Allar þessar breytingar virðast ætla að verða til langframa.

Hulduher Ingu Sæland

Minnsti þingflokkurinn telur nú aðeins tvo menn — þau Ingu Sæland og Guðmund Inga Kristinsson — eftir að hinir þingmennirnir tveir voru reknir úr flokknum í kjölfar hins margumtalaða Klaustursmáls. (Samt sem áður hafa þau Inga og Guð-



Daði Mær Kristófersson gefur kost á sér í embætti varaformanns Viðreisnar. MYND/ANTON BRINK

mundur Ingi á að skipa þremur aðstoðarmönnum á kostnað skattgreiðenda).

Flokkur fólksins mælist sjaldan með menn inni í könnunum og hefur því mikið til verið skilinn út undan þegar kemur að umfjöllun um stöðu flokkanna undanfarin misseri. En ekki má vanmeta mátt Ingu Sæland. Í síðustu könnunum fyrir alþingiskosningarnar 2017 — og borgarstjórnarkosningarnar árið eftir — mældist Flokkur

fólksins ekki með mann inni, en hulduher Ingu skilaði sér engu að síður á kjörstað.

Við blasir erfitt efnahagsástand og staða ríkissjóðs hefur hríðversnað. Þeir sem höllum fæti standa í þjóðfélaginu munu finna fyrir þeim hremmingum. Takist Ingu að verða trúverðugur málsvari þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu má allt eins búast við að hún nái aftur inn á þing og taki nokkra með sér, en heimildir herma að Flokk-



Of snemmt er að afskrifa Ingu Sæland. Hulduherinn gæti fjölmennt á kjörstað. MYND/ANTON BRINK

ur fólksins ætli að bjóða fram í öllum kjördæmum fyrir næstu kosningar. Þá hefur ríkisstyrknum undanfarin ár verið safnað saman í daggóðan kosningasjóð.

Nafntogaðir þingmenn

Fáir flokkar bjuggu við jafnmikið heimilisböl og Píratar allt þar til Birgitta Jónsdóttir afréð að gefa ekki kost á sér fyrir síðustu kosningar. Flokkurinn fékk sex menn kjörna í síðustu alþingis-

kosningum og heimildarmenn í þingflokknum herma að ekki gangi hnífurinn á milli þeirra. Núverandi þingmenn eru Björn Leví Gunnarsson, Halldóra Mogensen, Helgi Hrafn Gunnarsson og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, öll fyrir Reykjavíkurborgardæmin. Jón Þór Ólafsson er þingmaður þeirra í Kraganum og Smári McCarthy í Suðurlkjördæmi. Hvert og eitt þeirra er þjóðþekkt, sem má teljast vel af sér vikið á tímum þegar stór hluti þingmanna er lítt kunnur almenningi og lítið sjáanlegur.

Hafna Sjálfstæðisflokki

Píratar hafa ekki haft á að skipa eiginlegum formanni en í grasrót flokksins eru umræður um að breyta skipulagsreglum þannig að kjörinn verði formaður. Nokkurt lífsmark er með flokksfélögum þeirra — sem er meira en sagt verður um flesta aðra flokka á þingi. Og þrátt fyrir að vera einkum þéttbýlisflokkur, telja þeir sig eiga góða möguleika á að fá menn kjörna í Norðvestur- og Norðausturkjördæmum, sér í lagi því fyrrnefnda, þar sem starfandi er kjördæmafélag flokksins. Prófkjör Pírata eru opin og

NS

NÝTT

Sirius



Rjómasúkkulaði

MEÐ SALTKRINGLUM OG
SJÁVARSAITI



Sætt og salt fyrir sælkera!

coCoa
HORIZONS

ÍSLENSKT
gjörð svo vel

rafræn en telja má líklegt að flestir núverandi þingmanna geti tryggt sér öruggt sæti — enda almenn ánægja með þingflokkinn meðal flokksfólks sem rætt var við.

Heimildarmenn innan þingflokksins segja flokkinn stefna ótrauðan á stjórnarþátttöku og líklega er flokkurinn orðinn vænlegri kostur til samstarfs nú þegar einingin er orðin meiri. Aftur á móti hræðast aðrir flokkar skipulag Pírata, þar sem flokksmenn hafa meiri völd en gengur og gerist. Telja hættu á að flokkurinn hlaupist undan merkjum — jafnvel af litlu tilefni.

Píratar hafna stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn og telja sig málefnalega ekki heldur geta unnið með Miðflokki. Þeirra einasti samstarfskostur er þá vinstri-stjórn, en þeir munu einnig leggja áherslu á stjórnarskrá stjórnlagaráðs, komi til stjórnarmyndunarviðræðna. Lítil hljómgrunnur er fyrir henni meðal flestra annarra flokka. En svo kann auðvitað að fara að mikið verði gefið eftir — eygi þingmenn flokksins von um ráðherrastól.

Dr. Daði

Viðreisn bauð fyrst fram í kosningunum 2016, hlaut þá nærri 11% atkvæða á landsvísu og fékk sjö menn kjörna. Í kjölfarið komst flokkurinn í ríkisstjórn sem lifði í aðeins 247 daga og varð þannig skammlífasta samsteypustjórn Íslandssögunnar. Í kosningunum 2017 tapaði flokkurinn þremur þingmönnum og hlaut ekki nema 6,7% atkvæða, en eins og sjá má af meðfylgjandi línuriti hafa vinsældir flokksins hægt og bítandi þokast upp á við á kjörtímabilinu.

Skarð var hoggið í raðir hins litla þingflokks þegar Þorsteinn Víglundsson, varaformaður flokksins, sagði af sér þingmennsku fyrr á þessu ári. Arftaki hans er þó þegar í augnsýn, en á þjóðhátiðardaginn var greint frá því í fréttum að dr. Daði Már Kristófersson hagfræðiprófessor hygðist gefa kost á sér til varaformanns á landsþingi flokksins sem haldið verður nú í haust. Daði Már stefnir ótrauður að forystusæti í öðru hvoru Reykjavíkurdæmanna. Það mun óneitanlega verða flokknum styrkur að hafa innanborðs mann með djúpa þekkingu á efnahagsmálum þegar við blasir kreppa og ljóst að efnahagsmálin verða mál málanna.

Endurkoma Benedikts?


Hanna Katrín Friðriksson er þingmaður flokksins í Reykjavík suður og nær öruggt að hún mun áfram vera oddviti í öðru hvoru Reykjavíkurdæmanna. Ekki er heldur gert ráð fyrir öðru en Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður flokksins, verði áfram í oddvitasætinu í Kraganum. Hún tók með sér annan þingmann í síðustu kosningum,



Þingflokkur Viðreisnar telur nú aðeins fjóra menn, en getur gert sér vonir um að ná fyrri þingstyrk — og jafnvel gott betur.

MYND/ÁSEND

PÍRATAR Festa í fylgi hinna uppreisnargjörnu



HEIMILD: ÞJÓÐARPÚLS GALLUPS

Jón Steindór Valdimarsson, sem þykir ekki hafa sýnt mikil tilbrif í þingsal en samt sem áður þótt duglegur í nefndastörfum og vinnu á bak við tjöldin — störfum sem ekki eru alltaf þakklát. Sú hugmynd hefur komið upp innan Viðreisnar að Jón Steindór fari fram fyrir flokkinn í Norðurausturkjördæmi. Sjálfur er hann Akureyringur að uppruna og stúdent frá MA. Flokkurinn fékk aðeins 2,5% atkvæða í kjördæminu í síðustu kosningum, en þáverandi formaður Viðreisnar, Benedikt Jóhannesson, náði inn á þing fyrir kjördæmið árinu áður — sem þótti vel af sér vikið.


Heimildir herma að Benedikt vilji komast inn á þing á nýjan leik. Hann situr í stjórn og framkvæmdastjórn flokksins og hefur tekið virkan þátt

í þjóðmálaumræðunni með pistlaskrifum. Hann mun þó ekki sækjast eftir oddvitasæti — en þó sæti nógu ofarlega á lista til að eiga möguleika á að ná inn. Benedikt nýtur virðingar meðal viðreisnarfólks og átti ekki minnstan þátt í að koma flokknum á laggirnar.

Flokkur atvinnulífsins?

Viðreisn notast ekki við prófkjör við val á framboðslista og fyrir vikið eru fleiri tilbúnir að gefa kost á sér en ella, en marga sem sækjast eftir þingsetu óar við að taka þátt í prófkosningum með þeim slagsmálum og kostnaði sem þeim fylgja. Meðal þingmannsefna sem nefnd hafa verið, auk Daða Más, er María Rut Kristinsdóttir, aðstoðarmaður formanns flokksins. Hún er af Vestfjörðum og sú hugmynd hefur komið upp að

VIÐREISN Hægt og sígandi upp á við



HEIMILD: ÞJÓÐARPÚLS GALLUPS

hún yrði oddviti flokksins í því kjördæmi. Þá munu ýmsir framámenn í atvinnulífinu hafa hvatt Guðrúnu Hafsteinsdóttur, fyrrverandi formann Samtaka iðnaðarins og stjórnarmann í Samtökum atvinnulífsins, til að gefa kost á sér. Hún yrði mikill fengur fyrir Viðreisn, enda notið mikillar virðingar og trausts sem forystumaður atvinnurekenda. Færi hún fram fyrir Viðreisn má telja langlíklegast að það yrði í Suðurkjördæmi, en Guðrún býr í Hveragerði þar sem hún starfar sem stjórnandi og einn eigenda Kjöríss.

Þá herma heimildir að fleira fólk úr atvinnulífinu sé orðað við þingframboð fyrir Viðreisn. Til skamms tíma voru langflestir forystumenn atvinnurekenda flokksbundnir Sjálfstæðismenn en Viðreisn hyggst festa sig í sessi sem

málsvari öflugss atvinnulífs og veita Sjálfstæðisflokknum þar harða keppni.

Fleiri framboð

Ekki má heldur útiloka að ný framboð líti dagsins ljós fyrir næstu kosningar. Sósíalista-flokkur Íslands á mann í borgarstjórn Reykjavíkur, en hefur sjaldnast náð 5% lágmarkinu í könnunum undanfarið og virðast vinsældir flokksins heldur vera að dala. Því má þó velja upp hvað gerist ef flokknum tekst að tefla fram áberandi kandídötum, fólk yst til vinstri líkt og Sólveigu Önnu Jónsdóttur. Þá kynni svo að fara að hinum vinstri flokkunum yrði veitt hörð keppni um atkvæði þeirra allra röt-tækustu og sá hópur kann að fara ört stækkandi, sé litið til vaxandi öfga í stjórnámálum austan hafs og vestan. ■

3M**PELTOR™**

3M™ PELTOR™ WS™ ALERT™ XPI

Heyrnarhlíf með Bluetooth® MultiPoint tækni. Þráðlaus tenging við 2 Bluetooth tæki, FM útvarp og umhverfishljóðnemi.

Þú getur hlustað á tónlist og tekið við símtölum í mjög hávaðasömu umhverfi.

ALLAR STILLINGAR Í SÍMANUM

Í þessari nýjustu útgáfu af Peltor WS Alert XPI getur þú breytt stillingum með smáforriti í annaðhvort Android eða iOS snjalltækjum.

Nýttu þér QR kóðana hér að neðan til að ná í 3M™ Equipment smáforritið fyrir þitt snjalltæki.



Equipment



iOS



Android



Skreytti með þeim allra besta og framtíðin er björt

Í þessari viku kíkta ég á Jóa Fel og við skreyttum köku. Útkoman var sannkallað meistaraverk. Ég hafði aldrei áttað mig á því hvers kyns apparat bakarí væru.

Jón Þór
Stefánsson
jonthor@dv.is



Lífið á DV er gott þessa dagana. Í síðustu viku fór ég í súkkulaðinuð, sem var ansi mikill lúxus. Í byrjun þessarar viku spurði yfirmaður minn aftur hvað ég vildi gera í þessari viku. Það var tilvalið að halda áfram með súkkulaðipemað og því lét ég dálæti mitt á kökum í ljós. Áður en ég vissi af var búið að hringja í bakarann þjóðþekktu Jóa Fel og fundur okkar á milli ákveðinn.

Ég fór í bakaríið hans Jóa í Holtagörðum um hádegisleytið á miðvikudegi. Við ákváðum að við myndum skreyta köku saman. Vekjarklukkan mín hefði þurft að hringja um miðja nótt hefði ég viljað baka með honum, enda eru bakarar líklega sú stétt sem er hvað þekktust fyrir að vakna snemma. Fyrirkomulagið hentaði mér vel, þar sem að ég á í erfiðleikum með að vakna klukkan átta eða níu á morgnana.

Jói er aðalmaðurinn í bakaríinu

Það þarf engan skipulagsverkfræðing til að átta sig á því að Jói er aðalmaðurinn í bakaríinu. Ég var ekki lengi að spotta hann, en áður en mér tókst að heilsa honum þurftu ábyggilega þrjár eða fjórir að ná af honum tali, bæði starfsmenn og viðskiptavinir. Þegar mér tókst loksins að fanga athygli Jóa fylgdi hann mér á bak við afgreiðsluborðið, en þar er sjálft bakaríið. Fyrstu fyrirmælin voru bæði einföld og sniðug: „Þvo sér um hendur og spritta“. Þórfur er ábyggilega ánægður með Jóa.

Sjálfur hef ég aldrei komið í bakarí, það er að segja fyrir utan inn í afgreiðsluna. Það kom mér á óvart hversu stórt svona apparat er í raun og veru. Óteljandi ofnar, færibönd, borð, skápar, deig og kökur. Í þessu tiltekna bakarí er bakað fyrir hin bakarín hans Jóa Fel, sem eru orðin allmörg og því er nóg að gera og tíu bakarar að störfum.

Björt framtíð í kökuskreytingum

Jói sótti köku og krem sem hafði verið búið til í morgun. Hann rétti mér spaða og



Jói Fel, ég og kakan, sem var virkilega gómsæt og vel skreytt.

MYNDIR/ERNIR

sleif og sagði mér að smyrja kökuna með kreminu, sem ég og gerði. Það fer ekki á milli mála að Jói vill hafa nóg af súkkulaði á kökunum og passaði upp á að hver krókur og kimi væri húðaður í súkkulaði.

Næst tók við annað og flóknara verkefni, að búa til marsípan-rós. Mig hafði aldrei grunað að ég gæti gert slíka. Jói sótti marsípan-rúllu og skar hana í bita, úr bitunum gerðum við litlar kúlur sem voru síðan pressaðar í smjörpappír, og þannig urðu til rósablöð. Eftir það rúllaði maður blöðunum saman og smátt og smátt varð til falleg rós. Ef þessi lýsing er ekki nægilega nákvæm þá er ábyggilega hægt að læra svona á YouTube. Ég og Jói gerðum sitthvora rósina. Ef til vill var sú sem Jói gerði aðeins fallettri en mín, þó var ég mjög ánægður með mína.

Seinasta skrefið leyfði listamanninum í mér að blómstra. Þá sótti Jói súkkulaðilauf, -bita, -prik og -strá, auk jarðarberja, bláberja og einhvers konar gulra berja sem heita víst blæjuber. Hann sagði mér að gera það sem ég vildi og það gerði ég. Eftir nokkurra mínútna skreytingar kom í

ljós að ég á bjarta framtíð í kökuskreytingum. Samt vantaði eitthvað, Jói var ekki lengi að fatta hvað það var: Smá glimmer, sem hann stráði yfir kökuna. Útkoman var sannkallað meistaraverk, þó ég segi sjálfur frá.

Stórt skref fyrir mig

Jói sagði mér að hann hefuri verið í bökunarbransanum í bráðum fjórutíu ár, eða síðan hann var sextán ára. Honum finnst ekkert skemmtilegra en að baka og það næstsKemmtilegasta er að elda. Ef maður væri ekki að gera eitthvað skemmtilegt, þá væri það bara tilgangslaust. Þegar ég spurði Jóa hvað hann hefði gert margar kökur fór hann að hlæja, enda erfitt að telja, líklega væru þær í tugum þúsunda talsins. Þessi kökuskreyting var því lítið skref fyrir Jóa, en stórt skref fyrir mig.

Þegar ljósmyndarinn var búinn að taka myndirnar, kvóddumst við Jói, hann sagði mér að enginn myndi þora að skera kökuna.

Sá fyrir mér kökuslys

Leiðin til baka var vandasöm, kollegar mínir á DV höfðu sagt „eins gott að þú komir með kökuna til okkar eftir



Það væru allir til í að fá sér eina svona tertu.

á“. Ég komst að því að hraðahindranir eru ekki bestu vinir svona köku-listaverka. Ég kom þó bílnum á áfangastað, en það í talsverðri fjarlægð frá vinnustaðnum mínum, þar sem gjaldfrjáls stæði eru ekki á hverju strái í miðbænum. Við tók löng og ströng ganga. Ég sá fyrir mér svakalegt kökuslys, að ég myndi missa kökuna fyrir framan manna mergð, sem myndi hlæja að mér.

Sem betur fer komst ég á leiðarenda, vinnufélögum mínum til mikillar ánægju. Enginn trúði því að ég hefði skreytt þessa köku, allra síst gert blómið, sem var líkt og áður kom fram, mjög flott. Spádómur Jóa rættist, enginn þorði að skera kökuna í fyrstu. Það var mál starfsmanna að þetta væri einstaklega ljúffeng kaka. Og alveg sérstaklega vel skreytt. ■

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimars lögg. fasteignasali Sími: 695 5520
Gunnar S. Jónsson lögg. fasteignasali Sími: 899 5856
Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali Sími: 822 2307
Atli S. Sigvarðsson lögg. fasteignasali Sími: 899 1178
Elin Alfreðsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 899 3090
Gunnar H. Einarsson lögg. fasteignasali Sími: 615 6181
Svan G. Guðlaugsson lögg. fasteignasali Sími: 697 9300
Þórunn Pálsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 773 6000
Ásgrímur Ásmundsson hdl. og lögg. fasteignasali Sími: 865 4120
Þröstur Þórhallsson lögg. fasteignasali Sími: 897 0634
Jórunn Skúladóttir lögg. fasteignasali Sími: 845 8958



Þóroddur S. Skaptas lögg. fasteignasali Sími: 868 4508
Jason Kr. Ólafsson lögg. fasteignasali Sími: 775 1515
Axel Axelsson lögg. fasteignasali Sími: 778 7272
Óskar H. Bjarnasen lögg. fasteignasali Sími: 691 1931
Kjartan Í. Guðmunds aðst. fasteignasala Sími: 663 4392
Þórhallur Biering lögg. fasteignasali Sími: 896 8232
Fríðrik Þ. Stefánsson hdl. og aðst. fasteignasali Sími: 616 1313
Fríðjón Ó. Magnúss. lögg. fasteignasali Sími: 692 2704
Anton Karlsson lögg. fasteignasali Sími: 771 8601
Páll Þórólfsson lögg. fasteignasali Sími: 893 9929
Ragnheiður Pétursd. hdl. og löggiltur fasteignasali

Þórðarsveigur 2 113 Reykjavík

OPIÐ HÚS
Þriðjudaginn 4. ágúst
milli kl. 17:00 -17:30

3ja herb íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi

- Alls 83 fm ásamt stæði í bílgeymslu
- Tvö rúmgóð svefnherb með fataskápum
- Stórar suðursvalir
- Eldhús og stofa í opnu rými

Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð: **39,9 millj.**

Naustabryggja 40 110 Reykjavík

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Kjartani í síma: 663 4392

Virkilega björt og opin íbúð á tveimur hæðum í Bryggjuhverfinu

- Eigninni fylgir gott bílastæði í lokaðri bílageymslu
- Þvottahús er innan íbúðar
- Tvennar svalir til suðurs og vesturs

Nánari upplýsingar veitir:
Kjartan Í. Guðmunds
vfr. og aðst. fasteignasali
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is

Verð: **56 millj.**

Kerhraun 45 801 Grímsnes

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Ásgrím í síma 865 4120

Rúmgott 114,6 fm heilsárs-hús á eignarlóð við Kerhraun í Grímsnesi

- 3 svefnherbergi, stór stofa
- Hiti í gólfum
- Stór verönd allan hringinn
- Stór heitur pottur, 12 fm skúr
- Fallegt útsýni og gróin lóð
- Allt innbú fylgir

Nánari upplýsingar veitir:
Ásgrímur Ásmundsson
hdl og lögg. fasteignasali
sími: 865 4120
asi@miklaborg.is

Verð: **44,9 millj.**

Vatnsholtssvegur 7 801 Syðri Reykir

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Jórunni í síma 845 8958

Glæsilegt sumarhús

- Steyptir sökklar og burðarveggir
- Hitaveita og heitur pottur
- Mikil lofthæð í stofum 3,4 m
- Rúmlega 110 fm pallur
- Vandaðar innréttingar
- Glæsilegur arinn
- Baðherbergi flísalagt og með sturtu
- Glæsilegt útsýni

Nánari upplýsingar veitir:
Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **46,9 millj.**

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

sími
569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið



PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Jórinni í síma **845 8958**



Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: **845 8958**
jorunn@miklaborg.is

Hverafold 31

112 Grafarvogi


Stórglæsilegt 272 fm einbýli neðst við voginn með útsýni og fallegum garði

- 4 stofur, 4 svefnhög og 3 baðh
- Stór garður og pallur með heitum potti
- Húsið er 2 hæðum með einstaklega fallegum gluggum sem setja mikinn svip á húsið
- Húsið mikið endurnýjað að innan fyrir um 10 árum
- Rúmgóður bílskúr

Verð: **125 millj.**

Hraunbær 103 a/b/c

110 Reykjavík



39 íbúðir seldar
og það stýttist í afhendingu

Vandaðar nýjar íbúðir fyrir 60+

- Stærðir frá 52-160 fm, stúdíó, 2ja og 3ja herbergja íbúðir
- Flestar íbúðirnar ná í gegnum húsið
- Útsýnisíbúðir
- Vinsælar íbúðir
- Aðgengi að þjónustu og félagsmiðstöð hjá Reykjavíkurborg
- Vandaðir verktakar
- Afhending október 2020

Verð frá kr. **42,5 millj.**

Bókið skoðun hjá sölumönnum og fáid nánari upplýsingar:



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: **845 8958**
jorunn@miklaborg.is



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: **697 9300**
svan@miklaborg.is



Friðrik P. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignasala
Sími: **616 1313**
fridrik@miklaborg.is



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: **773 6000**
thorunn@miklaborg.is



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: **778 7272**
axel@miklaborg.is



Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: **896 8232**
thorhallur@miklaborg.is



PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Jóni Rafni í síma **695 5520**



Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: **695 5520**
jon@miklaborg.is

Holtabyggð 105

845 Hrunamannahreppur

Mjög gott heilsárshús á tveimur hæðum í landi Syðra-Langholts á Flúðum

- Afar gott útsýni er frá efri hæð hússins
- Húsið stendur á 14.100 fm leigulandi og til viðbótar fylgir með lóðin við hliðin á (nr. 106) sem er 13.100 fm.
- Saunaklefi og pottur

Verð: **39,9 millj.**



BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: **845 8958**

Gnípuheiði 3 200 Kópavogur

Falleg útsýnis endaíbúð 113,6 fm Verð: **56,9 millj.**

- Fjögurra herbergja
- Sérinnngangur
- Stórt eldhús með góðri vinnuástöðu
- Stórar fallegar bjartar stofur
- Útgengt úr stofu á útsýnis svalir

Nánari upplýsingar:
s. **845 8958** **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: **845 8958**

Fróðengi 6 112 Reykjavík

Falleg 4-5 herbergja íbúð sem tekur vel á móti þér Verð: **49,9 millj.**

- Þrjú svefnherbergi, rúmgott sjónvarphol
- Fallegar stofur með útgengt á 9 fm útsýnis svalir
- Þvottahús/geymsla innan
- Merkt stæði á bílaplani

Nánari upplýsingar:
s. **845 8958** **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali

NÝTT Í SÖLU



BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: **755 1515**

Mosagata 11 (102) 210 Garðabær

Vel skipulögð 80,9 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í lyftuhúsi Verð: **47,9 millj.**

- 3 svefnherbergi og baðherbergi með sturtu
- Vandaðar innréttingar og skápar
- 20 fm sérarafnotarymi í garði
- Íbúðin skilast án gólfefna og með stæði í bilageymslu.

Nánari upplýsingar:
s. **775 1515** **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: **845 8958**

Urriðakvísl 12 110 Reykjavík

Glæsilegt einbýlishús í Ártúnsholti Verð: **104,5 millj.**

- Glæsilegt 2 hæða hús m bílskúr
- Innkeyrsla með snjóbræðslu og stæði fyrir 7 bíla
- 4 svefnherbergi og stofa með útgengt út í garð
- Stór vel hirtur garður með gróðurhúsi
- Frábær staðsetning

Nánari upplýsingar:
s. **845 8958** **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: **845 8958**

Safamýri 77 105 Reykjavík

Falleg 172,6 fm efri sérhæð með bílskúr Verð: **78,9 millj.**

- 3 svefnherbergi á sér gangi ásamt baðherbergi
- Fallegt endurbætt eldhús með eldhúskrók, fallegar stofur með útgengt út á suður útsýnisvalir
- Sameiginlegt þvottahús í kjallara ásamt geymslu
- Fjórða svefnherbergið og snyrting í holi fyrir framan íbúð

Nánari upplýsingar:
s. **845 8958** **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: **845 8958**

Ferjubakki 12 109 Reykjavík

Sérlega falleg 3ja herbergja á 2 hæð Verð: **36,9 millj.**

- Stærð 98,3fm
- Gott skipulag, fm nýttast vel
- Nýtt gólfefni
- Afhending við kaupsamning

Nánari upplýsingar:
s. **845 8958** **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: **845 8958**

Laugarnesvegur 39 105 Reykjavík

Falleg 71,2 fm 3ja herb. endaíbúð á 2 hæð (efstu) stærð Verð: **40,9 millj.**

- Fermetrar nýttast vel, gott skipulag
- Fallegar bjartar stofur með útgengt á svalir
- Tvö svefnherbergi
- Vinsæl staðsetning

Nánari upplýsingar:
s. **845 8958** **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali

NÝTT Í SÖLU



BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: **616 1313**

Bólstaðarhlíð 64 108 Reykjavík

116,5 fm. endaíbúð á 3. hæð Verð: **49,9 millj.**

- 3 - 4 svefnherbergi
- Tvennar svalir
- Gott viðhald á húsi
- 5,4 fm geymsla í kjallara
- Mikið útsýni

Nánari upplýsingar:
s. **616 1313** **Friðrik P. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
Ólafur Finnþogason löggiltur fasteignasali s. 822 2307



BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: **845 8958**


Karlagata 20 105 Reykjavík

Sjarmerandi 46,9 fm, 2ja herbergja íbúð Verð: **34,9 millj.**

- Eldhús með opnum hillum
- Nýjir gluggar í allri íbúðinni
- Eldhús og stofa rúmgóð rými
- Frábær staðsetning

Nánari upplýsingar:
s. **845 8958** **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali

PERLA VIÐ ELLIÐAÁRVOGINN VOGABYGGÐ



Nýtt hverfi Vogabyggð

- 2ja til 5 herbergja íbúðir
- Vandaðar íbúðir á frábæru verði
- Miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu
- Perla við Elliðaárvoginn
- Innbyggð uppþvottavél og innbyggður ísskápur fylgir öllum íbúðum
- Parket er á öllum íbúðum
- Húsin eru í kjarna þar sem fjögur hús tengjast með sameiginlegum bílakjallara
- Bílastæði fylgir flestum íbúðum

Afhent sumar 2020

Bókið skoðun hjá sölumönnum og fáiið nánari upplýsingar:



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is



Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704
frijoni@miklaborg.is



Elin Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is



Kjartan Í. Guðmundsson
vfr. og aðst. fasteignasali
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallurb@miklaborg.is



Friðrik P. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignasali
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
sími: 778 7272
axel@miklaborg.is



Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

TRAUSTUR
BYGGINGARADILI
SÍÐAN 1998



Skektuvogur 4 (201)

Herbergi	2ja
Stærð	65 fm
Verð	42,5 m

Dæmi um greiðslutilhögun:

Við kaupsamning	2,4 m
Við afhendingu	2 m
Við afsal	2 m
Samtals eigið fé	6,4 m
Lán 85%*	36,1m

Afborgun á mán.* **165.352 kr**

*Forsendur við fyrstu kaup. Húsnæðisán 70% 29.750.000 Verðtryggt 35 ár, 2,3% breytilegir vextir, jafnar greiðslur. Viðbótarlán 15% 6.350.000 Övertryggt 15 ár, 5% breytilegir vextir, jafnar afborganir



Skektuvogur 2 (402)

Herbergi	3ja
Stærð	83,2 fm
Verð	50,9 m

Dæmi um greiðslutilhögun:

Við kaupsamning	5,3 m
Við afhendingu	5 m
Við afsal	5 m
Samtals eigið fé	15,3 m
Lán 70%**	35,6m

Afborgun á mán.** **121.485 kr**

**Forsendur, sýnd er fyrsta afborgun Húsnæðisán 70% lán (Landsbankinn) Verðtryggt 35 ár, jafnar greiðslur, 2,3% breytilegir vextir



Skektuvogur 2 (103)

Herbergi	4ra
Stærð	132,1 fm
Verð	66,9 m

Dæmi um greiðslutilhögun:

Við kaupsamning	7,1 m
Við afhendingu	7 m
Við afsal	6 m
Samtals eigið fé	20,1 m
Lán 70%	46,8 m

Afborgun á mán.** **162.844 kr**

**Forsendur, sýnd er fyrsta afborgun Húsnæðisán 70% lán (Landsbankinn) Verðtryggt 35 ár, jafnar greiðslur, 2,3% breytilegir vextir



Skektuvogur 4 (105)

Herbergi	5
Stærð	141,3 fm
Verð	69,9 m

Dæmi um greiðslutilhögun:

Við kaupsamning	7 m
Við afhendingu	7 m
Við afsal	7 m
Samtals eigið fé	21 m
Lán 70%	48,98 m

Afborgun á mán.** **170.035 kr**

**Forsendur, sýnd er fyrsta afborgun Húsnæðisán 70% lán (Landsbankinn) Verðtryggt 35 ár, jafnar greiðslur, 2,3% breytilegir vextir



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR

á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær



Heimamenn munu reyna að halda í einhverjar hefðir, þrátt fyrir að Þjóðhátíð fari ekki fram.

MYND/ÓSKAR

Erfitt og skrítið að aflýsa Þjóðhátíð

Þjóðhátíð var fyrst haldin í Vestmannaeyjum árið 1874 til að fagna þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar. Fjöldi fólks mætir á hátíðina á hverju ári.

Sóley
Guðmundsdóttir
soley@dv.is



Þjóðhátíð á stóran stað í hjörtum Vestmannaeyinga. Heimamenn reisa um hverja verslunarmannahelgi tjaldborg í Herjólfssdal, þar sem fjölskyldur hafa samastað yfir hátíðina. Þjóðhátíðinni í ár hefur verið aflýst sökum kórónaveirufaraldurs. Er þetta í fyrsta skipti sem hátíðinni er aflýst í yfir hundrað ár.

Eins og að jarða nákominn ættingja

„Það var mjög erfitt og skrítið að aflýsa Þjóðhátíð. Það var eins og maður væri að jarða nákominn ættingja. Það góða

við þennan ættingja er það að hann mun vonandi vakna aftur til lífsins á næsta ári,“ segir Hörður Orri Grettisson, framkvæmdastjóri ÍBV og formaður Þjóðhátíðarnefndar. „Við biðum eins lengi og við mögulega gátum með að taka þessa ákvörðun. Fyrst og fremst vegna fjárhagslegu hliðarinnar, en líka vegna þess menningarlega gildis sem hátíðin hefur fyrir Vestmannaeyinga.“ Hörður segir það hafa verið nokkuð ljóst í júní að Þjóðhátíð yrði ekki haldin með venjulegu sniði. „Við höldum lengi í vonina með að geta haldið eitthvað. Okkar síðasta plan var að halda fimm til sex þúsund manna brekkusöng með því að skipta brekkunni upp. Þegar í ljós kom um miðjan



Hörður Orri
Grettisson
framkvæmdastjóri ÍBV og
formaður Þjóðhátíðarnefndar

júlí að miklar fjöldatakmörkunir yrðu fram yfir Verslunarmannahelgi, lá þetta ljóst fyrir.“

Hörður segir hátíðina skipta heimafolk miklu máli. „Fyrir okkur Eyjamönnum er þetta svipað og jólin. Ég er 37 ára og ég hef farið 35 sinnum á Þjóðhátíð. Þetta er bara mjög skrítið, það eru tilfinningar í þessu.“ Hörður hvetur fólk til að halda sína eigin Þjóðhátíð og hlakkar til að gleðjast í Herjólfssdal á næsta ári. ■

SVONA VERÐUR HELGIN HJÁ NOKKRUM VESTMANNEYINGUM




Íris
Róbertsdóttir
bæjarstjóri í
Vestmannaeyjum

„Við vinirnir ætlum að tjalda hvíta tjaldinu og halda í hefðirnar. Það verður setningarkaffi á föstudaginn og súpa borðuð í tjaldinu um kvöldið. Fjölskyldan kemur til Eyja og við ætlum að gera gott úr helginni.“



Hermann
Hreiðarsson
knattspyrnu-
þjálfari

„Ég verð í brúðkaupi úti á landi sem var löngu planað. Það verður bara tvöföld gleði í Herjólfssdal á næsta ári.“



Júníus
Meyvant
tónlistarmaður

„Ég ætla að liggja með tærnar upp í loft og hafa það kósý með fjölskyldunni. Ég læt ættingja um að tjalda hvíta tjaldinu í garðinum og kiki kannski á þá ef ég hætti mér út.“



Páll
Magnússon
alþingismaður

„Ég mun kíkja til vina og ættingja í hvítu tjöldin. Það verður aðeins lengra á milli þeirra í ár þannig að ég þarf að vera skipulagður. Við Eyjamenn erum staðráðnir í að gera gott úr þessu.“



Berglind
Björg
Þorvaldsdóttir
knattspyrnukona

„Ég ætla til Eyja um helgina að slaka á og njóta með fjölskyldunni. Hvíta tjaldinu verður tjaldað úti í garði og við höldum litla þjóðhátíð.“

Tölvuspilasalir urðu að félagsmiðstöðvum unglinga

Undir lok áttunda áratugarins spruttu leiktækja- og tölvuleikjasalir upp víða um land. Mörgum var órótt og töldu „tölvuspilin“ ýta undir afbrot og unglingadrykkju.

TÍMAVÉLIN

„Ég tel þessa staði til lítills gagns fyrir unglina, og af því miður skemmtilegu þá held ég að Hall-ærisplanið sé æskilegri samkomustaður,“ sagði Hjalti Jónasson skóla- stjóri Austurbæjarskóla í samtali við Morgunblaðið í apríl 1979. Á þeim tíma voru fimm leiktækjasalir starfræktir í Reykjavík. Margir vildu meina að leiktækinn ýttu undir spila- fíkn unglina og að þörfin fyrir að spila myndi leiða þá inn á brautir þjófnaðar. Meðal annars ritaði Adda Bára Sigfúsdóttir, borgar- fulltrúi, í Morgunblaðið í mars 1979 að í leiktækja- söllum væri leikin „sefjandi tónlist og að þar væri and- rúmsloft spilavíta.“

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

Upp úr 1980 fóru tölvu- spil að verða æ algeng- ari sjón hér á landi og byrjað var að tala um svokalla- aða tölvuspilasali.

„Undanfarin ár hafa tölvu- spilakassar átt vaxandi vinsældum að fagna. Allar sjóppur sem vilja laða að sér viðskiptavinum, stilla upp spilakössum. Einnig spretta upp sérstakir tölvuspilasalir og draga að sér unglina. Spilasalirnir bjóða upp á æsispennandi leiki þar sem furduskeppur eru á fleygiferð um skerminn í hinum furðu- legustu leikjum.“

Þetta ritaði Gunnar Örn Jónsson hjá Æskulýðsráði Reykjavíkur í grein sem birtist í Morgunblaðinu í nóvember 1982.

Nokkrum mánuðum áður birtist grein í Morgunblaðinu undir fyrisögninni: „Tölvuspil – afþreying fram- tíðarinnar?“ Fram kom að tölvuspil hefðu náð miklum vinsældum að undanförnu í Bandaríkjunum, þaðan sem þessi tæki væru upprunnin. Þá kom fram að þótt tölvu- spiln hefðu náð mestum vin- sældum í Bandaríkjunum, þá væru þau líka farin að skjóta rótum í Evrópu.

Leiktækjasalirnir - spilavíti fyrir börn:

Spilamemskan oft fjármögn- uð með hnúpi?

afulltrúi sem flutti tilhugu þar að hléi.

„Atlanan fyrir þessari tilhugu er sú, að ég held að þetta sé slæmri staði fyrir börn,“ gfi Adda Bára í samtali við He- ríoninn. „Þetta þetta hléið er hafa mög af 50 króna peningum til að setja í lúkin, og það er mat skólakleppa, -hanna og -ra- skólarígræðu að þessi starfsemi hafi þú undir höndum hjá börnunum.“

Jóker ræður yfir 40 spilakönum og 4 tölulína spil kosta 50 krónur, svo að miðað við 10 tíma samfelldu notkun eyða börn og fullorðnir um 200 þúsund krónur á dag í þessa hlé. Fyrirhættan Jóker segja þó:

hanga í krínur þetta“

Þorsteinn vísaði á þag að þessi staðir bytu upp á spillingu og af- vegaleiddum unglunga. „Þetta er fjárstaða og afþreying frá einum raunverulegum lífsgælu- mátti, svo að hér er um algjör- lega óráðstafað fullvirkni að ræða. Þessi semi raunveruleg reglulæmur hefur haft allt á borðum sér, gjágvart okkur frá upphafi,“ sagði Þorsteinn. „Ég er alls ekki að halda því fram að starfsemi af þessu tagi sé á neitin halli upp- byggð fyrir unglunga.“

Þetta er skemmtun og að- einn stöðvir til afþreyingar. Þetta er ekki nema málþing/þátt- semni sem við erum að ræða, enda er fulltíma tekið okkur beint koma.“

RENAULT 18

NÝ TEGUND SEM VEKUR MIKLA ATHYGLI

RENAULT 18

Í þessari bifreið sameinast allt það nýjasta og fullkomnasta sem franskir bifreiðalaðborum hefur upp á að bjóða, svo sem frábærri ástæruáskilningu og vandþun frágang utan sem innan. Nú í tímum shakkaðs bensínverðs er kostur að eiga Renault bifreið, sem er þekkt fyrir sparneytni.

KRISTINN GUÐNASON HF.
SUÐURLANDSBRAUT 20, Sími 86633

Leiktækjasalir bannaðir börnum?

Lægsta tilboð 53% af kostnaðaráætlun

Hvað verður um Torfunna?

Pökkabót og Eik með tónleika í MH

Bregdur til hins betra í Óxarfirði: Mikil og stór rækja veiðist

PANGI ZAPPI

TÖLVUSPIL

Tölvuspilin voru meðal annars sögð vera „klakstöðvar góðs og ills.“ MYNDIR/TÍMARIT.IS

Lýsti blaðamaður tölvu- spilunum sem tölvustýrðum tækjum sem væru skilgetin afkvæmi örtölvubrúna- innar. „Sá sem leikur tölvu- spil hefur fyrir framan sig litríkan skerm, þar sem alls kyns kynjaverur gera árás, hörfa undan eða hreinlega éta andstæðinginn,“ ritaði blaðamaðurinn og tók sem dæmi Pac-Man tölvuleikinn sem þá nauð mikilla vin- sælda.

14 staðir í Reykjavík

Í fyrrnefndri grein Gunnars Arnar Jónssonar í Morgun- blaðinu árið 1982, stakk hann upp á að sérstöku „tölvuspila- eftirliti“ yrði komið á fót, svipað og kvikmyndaeftir- litið. Eftirlitið myndi fylgjast með þeim leikjum sem boðið væri upp á og benda á skað- semi tölvuleikja og jafnframt

benda á jákvæða og þroska- andi tölvuleiki.

„Heimilistölva mun eiga vaxandi vinsældum að fagna og sumir tala um að 20 pró- sent íslenskra heimila eigi slík tæki nú þegar. Heimil- istölva sameinar notagildi og afþreyingarþátt tölvanna, eru heimilin, félagasamtök og veitingastaðir tilbúnir til að nýta sér kosti tölvunnar í framtíðinni eða verður hún eingöngu afþreyingar- miðill, eins og myndsegul- bandið er í flestum tilfellum í dag?“ spurði Gunnar Arnar.

Sagði „sjoppuspilin“ mala eigendum gull

Í maí 1983 var blásið til málþings um tölvuspil og leik- tæki á vegum Barnavernd- arráðs Íslands. Um það leyti voru starfræktir 14 tölvu- spilaastaðir í Reykjavík, en að-

eins tveir þeirra voru reknir með leyfi lögreglustjóra. Um 170 leiktæki voru stað- sett víðs vegar um borgina, allt frá einum kassa í sjoppu upp í fleiri tæki í sérstökum söllum. 140 Rauða kross kassar voru í Reykjavík, en Rauða kross kassarnir voru einu tækin þar sem spilað er um peninga og voru þeir reknir með sérstakri heimild dómsmálaráðuneytisins.

„Nú er talað um að „tölvu- byltingin“ í heiminum sé síst minni en iðnyltingin forðum,“ sagði Björn Líndal í setningarræðu sinni á mál- þinginu. Hann bætti síðan við: „Sagt hefur verið, að byltingin éti börnin sín, en Barnaverndarráð telur það skyldu sína, að koma af stað umræðum um hvernig tölvur geta stutt að bættu og betra mannlífi, svo tölvubylingin

geti orðið til góðs, bæði í leik og starfi.“

Annar frummælandi, Míka- el Karlsson, sagði „sjoppu- spilinn“ mala eigendum gull og opna leiðir til skattsvika. Spilin væru oft æsandi en ómerkileg og skildu ekkert eftir, ólíkt lestri, skák og íþróttum.

Í niðurstöðum málþingsins kom meðal annars fram að leiktækjasalirnir væru ein- konar klakstöðvar góðs og ills.

„Þeir eru af hinu góða, þegar þeir eyða tölvuotta, veita útrás fyrir árásarhvöt og tengja jafnvel kynslóðirnar. Hins vegar er og augljóst að tækin eru dýr í notkun, færa eigendum sínum skjótfeng- inn gróða og hafa stuðlað að auðgunarbrotum unglina. Félagsleg áhrif þeirra virðast oft vera mjög neikvæð.“ ■



Á ferð um landið

AKUREYRI

Íbúar Akureyrar vilja meina að þar sé alltaf gott veður. Hvað sem veðrinu líður er allavega hægt að hafa ýmislegt fyrir stafni í höfuðstað Norðurlands.



MYND/VILHELM



MYND/FACEBOOK VENTURE NORTH

BRETTAFERÐ Á POLLINUM

Venture North er fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem sérhæfir sig í SUP – Stand up paddleboarding. Okkur skilst að heimafólk á Akureyri tali nú bara um SUP sem er orðið heldur vinsælt sport á svæðinu. Venture North býður til dæmis upp á kvöldróðraferðir fyrir þá sem vilja prófa eitthvað nýtt og fá bæði góða hreyfingu og frábæra skemmtun. Hægt er að sitja, krjúpa eða standa á brettunum, en reyndur kennari er með í för, og róa um Pollinn. Allur búnaður er innifalinn, svo sem þurr galli og blautskór.



MYND/FACEBOOK KVENDURO

KVENDURO

Fjallahjólaskvísur geta komist í góðan félagsskap hjá KvEnduro, hópi kvenna sem tekur á því öll þriðjudagskvöld klukkan 20.15. Allar konur eru velkomnar í ferð, hvort sem þær eru á fulldempuðu fjallahjóli eða XC, margreyndar eða byrjendur. Þær reyndari gefa byrjendum ráð og engin er skilin eftir.



MYND/FACEBOOK EYRIN RESTAURANT

EYRIN RESTAURANT

Eyrin restaurant opnaði í Menningarhúsinu Hofi í fyrra og hefur notið mikilla vinsælda. Á góðviðrisdögum er hægt að sitja úti enda er útsýni yfir Pollinn. Áhersla er lögð á einfalda, stílhreina rétti sem eru innblásnir af íslenskum hráefnum. Um helgar er brunch-hlaðborð þar sem börn á aldrinum 6-12 njóta hlaðborðsins á hálfvirði. Þeir sem innleysa ferðagjöfina á Eyrinni fá fordrykk að hætti hússins í kaupbæti.



MYND/GETTY

LYSTIGARÐURINN

Lystigarðurinn er ein fegursta perla bæjarins. Hann er rekinn af Akureyrarbæ sem grasagarður og skrudgarður. Hann hefur verið stækkaður þrisvar og er nú 3,7 hektarar. Í honum eru nánast allar þær plöntur sem finnast á Íslandi eða um 450 tegundir og rúmlega 6.000 erlendar tegundir. Auk þess að sinna ræktun á öllum þessum plöntum er garðurinn ætlaður sem almenningsgarður þar sem fólk getur átt notalega stund í fallegu umhverfi.



MYND/FACEBOOK BRYNJUÍSAK

BRYNJUÍS

Brynja á Akureyri varð landsþekkt ísbúð þar sem allir vildu fá ískaldan mjólkurís – gamla ísinn eins og hann kallast oft í ísbúðum. Nú er Brynjuís að finna á fleiri stöðum en í höfuðborg norðursins en það er samt klassískt að fara á þennan rómaða stað og fá einn ískaldan mjólkurís, hvort sem það er ís í brauði, sjeik eða bragðaref.



MYND/FACBOOK RUB23

RUB23

Rub23 er sjávarréttaveitingastaður með fjölbreytt úrval fisktegunda og mikið úrval sushi-rétta, í bland við kjötrétti. Veitingastaðurinn er á besta stað í bænum, í Gilinu. Þarna er hægt að fá hina víðfrægu sushi pítsu. Það hljómar kannski undarlega í fyrstu að tala um sushi og pítsu í sömu andrá en við lofum því að þú verður ekki fyrir vonbrigðum. Sushi-pítsan ein og sér er góð ástæða til að fara til Akureyrar.

AKUREYRI

Það er

eitthvað

við hana



visitakureyri.is

Neyðaróp um kvöld og bíll úti í skógi

Banvænn ástarþríhyrningur var orsökinn á bak við óhugnanlegan atburð sem varð í Wisconsin kvöld eitt fyrir rúmlega tveimur árum. Ung kona í neyð leitaði hjálpar.

SAKAMÁL

Að kvöldi 23. mars árið 2018 kom stúlka, illa til reika, að bóndabæ í Wisconsin og leitaði ásjár hjá bónda sem þar bjó einn, manni að nafni Don Sipple. Stúlkan var útötuð í mold og blóði og hún var hágrátandi. Bóndinn hleypti henni inn og hringdi í neyðarlínuna.

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is



Stúlkan gat í fyrstu veitt afar litlar upplýsingar. Hún var í losti og sagðist muna lítið af því sem hafði gerst. Þegar bóndinn hringdi í neyðarlínuna gat hún ekki einu sinni gefið upp nafnið sitt. Smám saman skýrðist þetta. Stúlkan hét Ezra McCandless, var á 21. ári. Hún sagði að fyrrverandi kærasti hennar hefði ráðist á sig og veitt sér þessa áverka. Sá hét Alex Woodworth.


Hvaða fólk var þetta, Ezra og Alex? Hver var forsagan að þessu skelfilega atviki?

Ástarþríhyrningur

Ezra McCandless fæddist og ólst upp á sveitabýli fjölskyldu sinnar í Wisconsin. Aðalþéttbýlisstaðurinn í nágrenninu er bærinn Eaue Claire, þar sem búa um 70.000 manns. Þangað flutti Ezra ekki löngu fyrir þessa atburði og hóf feril sem sjálflærður listamaður. Hún hætti í framhaldsskóla til að helga sig list sinni.

Á helsta kaffihúsi bæjarins kynntist hún manni að nafni Jason Mengel, sem var 13 árum eldri en hún. Þrátt fyrir aldursmuninn smullu þau saman og tókust með þeim ástir. Jason starfaði sem herlæknir og var stundum lengi frá vegna heræfinga. Á kaffihúsinu kynntust þau Alex Woodworth, 23 ára gömlum forfallakennara og heimspekinema. Alex og Ezra deildu áhuga á listum og hún ræddi við hann um það sem hún var að reyna að skapa. Þetta leiddi lengra og þau tóku upp samband án vitundar Jasons.

Er Jason kom aftur til Eaue Claire eftir tveggja mánaða heræfingar skýrði Ezra honum frá því að kunningi Alex hefði nauðgað sér. Þau hefðu



Ezra McCandless mundi í fyrstu lítið eftir hvað hafði gerst.

MYNDIR/
SKJÁSKOT AF
YOUTUBE

Svo sérkennilega vildi til að nágrenni sem sá Jason sniglást fyrir utan húsið þar sem Alex bjó hringdi á lögreglu. Þegar lögreglumaður kom á vettvang útskýrði Jason að hann hefði áhyggjur af vinum sínum. Lögregla aðgætti um Alex og Ezra og þau sögðu að ekkert amaði að þeim.

Það átti eftir að koma á daginn að hugboð Jasons reyndist rétt.

Sporin inn í skóg

Aftur að sveitabænum þar sem Ezra leitaði hjálpar. Eftir að hafa yfirheyrt bóndann á bænum og Ezra var næsta mál hjá lögreglunni að finna Alex. Hann fannst hins vegar hvergi. Svaraði ekki í síma, var ekki heima hjá sér, og vinir og kunningjar vissu ekki hvar hann hélt sig.

Samkvæmt Ezra hafði árásin átt sér stað inni í bílnum hennar, hún hafði setið undir stýri er Alex veittist að henni. En hún mundi ekki hvar bíllinn var.

Með því að rannsaka fótspor Ezra sem lágu að sveitabænum tókst eftir nokkurt erfiði eða rekja þau að bíl sem stóð yfirgefinn í skógarrjóðri nokkurn spöl frá sveitabænum. Í bílnum lá dáiinn maður, höfuðið út um opnar farþegardyr aftur í. Þetta var Alex og á líkama hans voru 16 stungusár.

Í endurtekinni yfirheyrslu lýsti Ezra því hvernig Alex hefði ráðist á hana með hnífnum og skorið hana þegar hún sat undir stýri. Henni hefði hins vegar tekist að snúa hnífnum úr höndum hans og hefði banað honum í sjálfsvörn.

Lýsing Ezra á atburðum þóttu ekki stemma við verksumerki. Til dæmis var lítið blóð í bílnum sem kom illa heim og saman við þann framburð hennar að þau hefðu tekist á um hnífinn í bílnum. Engin varnarsár voru á Ezra og ekki heldur á Alex. Það benti til að hann hefði orðið fyrir árás gjör-samlega sér að övörum.

Ezra var ákærð fyrir morð að yfirlögðu ráði. Ástæðan fyrir glæpnum var talin vera sú að hún vildi ryðja Alex úr vegi til að auðveldara yrði að endurheimta sambandið við Jason.

Hún var dæmd í ævilangt fangelsi með möguleika á reynslulausn eftir 50 ár. Dómur var felldur snemma á þessu ári og hefur honum verið áfrýjað. Ezra neitaði sök fyrir rétti. ■



Jason Mengel ber vitni við réttarhöldin.



Alex Woodworth fannst ekki eftir árásinu.

Með því að rannsaka fótspor Ezra sem lágu að sveitabænum tókst eftir nokkurt erfiði eða rekja þau að bíl sem lá yfirgefinn í skógarrjóðri nokkurn spöl frá.

verið að drekka saman og hún hefði orðið mjög ölvuð. Þá hefði hann ráðist á hana og hún ekki getað veitt mótspyrnu. Þegar lögregla spurði Alex út í málið sagði hann að Ezra hefði sagt honum að hún hefði haft samfarir sjálfviljug við manninn. Lögreglan hætti rannsókn málsins og varð þetta til þess að spilla vináttu Ezra og Alex.

Skömmu eftir þetta ákvað Ezra að láta bóhemalífínu í Eaue Claire lokið í bili og fara heim í sveitina til for-

elda sinna og sleikja sárin þar um stund. Jason hafði í millitíðinni komist að framhjáhaldi hennar með Alex og slitið sambandinu.

Örlogadagurinn 23. mars

Dag einn ákvað Ezra að skreppa til Eaue Claire, hitta Alex og spjalla við hann um listina. Hana langaði til meðal annars til að sýna honum texta sem hún hafði skrifað. Þau hittust á áður nefndu kaffihúsi og svo vildi til að Jason var einnig á staðnum.

Honum fannst eitthvað undarlegt við andrúmsloftið á milli þeirra tveggja, Alex og Ezra, og af einhverjum ástæðum varð hann áhyggjufullur. Alex og Ezra fóru síðan heim til Alex. Stuttu síðar hjólaði Jason þangað til að aðgæta um þau. Rétt er að taka fram að það var ekki afbrýðisemi sem knúði Jason, Ezra hafði margoft beðið hann um að byrja með sér aftur en hann vildi það ekki, treysti henni ekki. En núna hafði hann áhyggjur af henni.

ALLT FYRIR HLAUPIN



 **BROOKS**

RUN HAPPY



FÆTUR TOGA

LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Fjölskylduhornið

Kristín Tómasdóttir, hjónabandsráðgjafi svarar spurningum lesenda um málefni er varða fjölskylduna, börnin og ástina í

Fjölskylduhorni DV. Að þessu sinni svarar Kristín spurningu lesanda sem reynir að fóta sig sem stjúpfórelldri.

Sérfræðingur svarar



STJÚPMÓÐIR UPPLIFIR ÓSKÝR MÖRK

Ég og sambýlismaður minn erum búin að vera saman í tvö ár. Við eigum eitt barn saman og maðurinn minn á síðan tvö börn frá fyrra sambandi sem eru hjá okkur aðra hvora viku. Mér hefur gengið ágætlega að mynda tengsl við stjúpbörnin mín og sambandið okkar er gott. Samskiptin á milli mín og barnsmóður mannsins míns eru hins vegar mjög stíð og hafa alltaf verið. Það er eins og hún geti ekki sætt sig við „nýju konuna“ sem er núna orðin stjúpmóðir barna hennar. Ég veit að hún hefur talað illa um mig fyrir framan börnin sín og það er eins og hún geti ekki samþykkt það að ég er partur af þeirra lífi. Ég hef alltaf reynt að koma fram við hana af virðingu og sýna henni tilfátsemi en núna er mælirinn fullur. Maðurinn minn virðist eiga erfitt með að setja henni mörk og við höfum ósjaldan rifist út af þessu. Ég vil ekki að þetta eyðileggi sambandið okkar en ég er alveg að fara að gefast upp. Hvernig er best að taka á þessu?

Skýrari mörk

Sælur. Takk fyrir spurninguna sem ég efast ekki um að margir stjúpfórelldrar geta tengt við, klassískur stjúpfórelldravandi en það gerir hann ekki auðleystan.

Í fyrsta lagi vil ég hrósa þér fyrir að hafa myndað góð tengsl við stjúpbörnin þín. Það skiptir mestu máli en getur verið flókið, sérstaklega ef þú ert ekki með mómmu þeirra á þínu bandi.

Þú nefnir að móðir þeirra geti ekki samþykkt þig og þá spyr ég; er það hennar? Eruð það ekki þú og sambýlismaður þinn sem veljið að vera saman og hans að taka ákvörðun um það hvort þú sért stjúpmóðir barnanna hans eða ekki? Það væri a.m.k. ekki heillavænlegt ef fyrrverandi sambýliskonur ættu að velja núverandi sambýliskonur.

Það sem ég hef þínu áhyggjur af er að þetta er að koma upp á milli þín og sambýlismannsins. Þar þarf fókusinn að vera. Hvernig er hægt að skýra mörkin? Hvernig er hægt að auðvelda honum að setja mörk? Getið þið fengið



MYND/GETTY

Það er erfitt að finna jafnvægið í tengslum við hvenær stjúpfórelldrar mega skipta sér af og hvenær ekki.

utanaðkomandi aðstoð við það? Stundum hljómar slíkt óyfistíganlegt en ég leyfi mér að fullyrða að einn tími í fjölskyldumeðferð gæti gert ykkur öll sáttari. Það er hægt að hjálpa ótrúlegasta fólki að bæta samskipti, skýra mörk, tileinka sér aðra samskiptahætti eða afmarka umræðuefni.

Sýna gott fordæmi

Ef þú og barnsmóðirin getið alls ekki rætt saman, þá gæti

verið ráð að skoða hvort það sé yfir höfuð nauðsynlegt. Væri kannski best ef þú og sambýlismaður þinn mynduð sammælast um að samskiptin fari alfarið fram í gegnum hann? Þannig stafar fyrrverandi minni ógn af þér og þú þarft ekki að díla við hana. Í ljósi þess að þú ert alveg að gefast upp þá verð ég að benda þér á að þér ber engin skylda til þess að vera í bandi við fyrrverandi konu sambýlismannsins þíns. Mögulega

getur þú einfaldað samskiptin eða bara dregið þau mörk að þú sért ekki inni í þeim.

Á hinn bóginn getur þú ekki svo glatt breytt því hvað fyrrverandi kona sambýlismannsins gerir. Ef hún velur að tala illa um þig fyrir framan börnin þá er lítið sem þú getur gert til þess að koma í veg fyrir það. Aftur á móti læra börn betur það sem gert er fremur en það sem sagt er. Ef þú sýnir fordæmi og hegðun sem þú vilt að stjúpbörnin þín kunni að meta þá er líklegra að þau taki mark á þeirri hegðun en þeim orðum sem þau heyra um þig. Á endanum eru það þau sem umgangast þig og þau sem geta lagt raunverulegt mat á það hvaða mannkosti þú hefur að bera.

Finna jafnvægið

Að lokum bendi ég þér á bók sem heitir Stjúptengsl eftir Valgerði Halldórsdóttur. Þar eru hinir ýmsu kimar stjúpfjölskyldna reifaðir, bæði á fræðilegum grunni en einnig út frá reynslu íslenskra stjúpfjölskyldna. Þar kemur meðal annars hugtakið stjúpblinda fram. Þegar rætt er um „stjúpblindu“ er átt við að stjúptengsl eru ósýnileg á öllum sviðum samfélags-

ins. Hlutverk blóðforeldra er miklu skýrari og um það er skrifað í lög, Biblíuna, lífsleiknibækur og þó víðar væri leitað. Stjúphlutverkið er ekki jafn skýrt og upplifa margir stjúpfórelldrar fyrir vikið að þau séu vanmetin, ofmetin og að þeirra staða sé annað hvort tekin sem sjálfsögð eða að eftir kröftum þeirra sé ekki óskað við ákveðnar aðstæður. Það er erfitt að finna jafnvægið í tengslum við hvenær stjúpfórelldrar mega skipta sér af og hvenær ekki, hvenær þau mega taka ábyrgð og hvenær það er óæskilegt.

Mögulega ættuð þið hjónin að nýta uppgjöf þína í að spyrna við fótum. Þá á ég við setja ykkur skýran ramma um hvernig þið viljið hátta þessum málum, fá þá aðstoð sem þið þurfið og reyna að njóta þess sem vel gengur og tækla það sem betur má fara. Ég veit þið getið það! ■

Við hvetjum lesendur til að senda spurningar og vangaveltur sínar til Kristínar í tölvupósti á: hjonabandssaela@gmail.com.

Spurningunum verður svo svarað hér í Fjölskylduhorninu, að sjálf-sögðu nafnlaust og í fullum trúnaði.



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem
auðveldar allt vinnferli við útgáfu og
utanumhald gæðahand- bókar og
skjala.

OnePortal er
vefgátt sem gerir
fyrirtækjum og sveitar-
félögum kleift að veita íbúum
þjónustu allan sólahringinn, allt
árið um kring. Rafrænin innri ferlar
eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa
eða viðskiptavini, þar sem þeir
geta afgreitt sig sjálfa á
sjálfvirkan máta með
innsendingu
umsókna og
erinda á
vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður
Moreq2, kröfur evrópulanda um
gagnsæi, rekjaleika og öryggi.



Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra



MYND/GETTY

Magnað mímósupartý í sumarfrúinu

Brönsar eru vinsælt afþreyingarform héraðs og ekki síst nú í sumarsælunni. Mímósur eru fullkomin leið til að leyfa sér aðeins á ókristilegum tíma en dulbúa ásetninginn í djúsbúsi. Við hvetjum þó eindregið til ábyrgrar neyslu. Skál!



MYND/GETTY

Blóðappelsínúmímósa

40 ml blóðappelsínusafi
40 ml appelsínusafi
skvetta Aperol
80 ml freyðivín

Hellið víninu fyrst í glasið, svo safanum og loks Aperólinu. Tilvalið er að smella appelsínusneið í glasið.

Rauðrófu- og engiferímímósa

Þessi er ekki fyrir alla en hún er virkilega skemmtileg, hefur heilnæma kosti engifers og rauðrófu og kemur skemmtilega á óvart.

40 ml rauðrófusafi
40 ml eplasafi
1 tsk. engifersafi
80 ml freyðivín

Hellið víninu fyrst í glasið, svo safanum.

NOKKUR RÁÐ

1 Almennt er talið best að hafa jöfn hlutföll af safa og víni en það fer þó vissulega eftir hversu sterkur safinn er. Leitað var til sérfræðinga á vinsælum brönsstöðum borgarinnar.

2 Við val á freyðivíni skal leitast við að nota þurrkt vín því safinn er nægilega sætur. Mælt var með hinu ítalska Tommasi Prosecco Filodora (2.299 kr.), eða fyrir þá sem vilja ódýrari valkost Piccini Prosecco (1.999 kr.).

3 Ávallt skal hella víninu fyrst og svo safanum því þá freyðir minna og minni líkur eru á að það gjósi.

4 Ef ekki er möguleiki á nýkreistum safa skal leitast við að kaupa ferskan, það er að segja ekki úr þykkni (concentrate).

5 Öll drykkjarföng þurfa að vera mjög köld. Klaki er valkvæður, lekkert þykir að hafa litla skál með klökum og skeið á borðinu.

6 Til að minnka áreitið á gestgjafann er sniðugt að gera áfyllingu í könnu. Það er að segja blanda mímósu í könnu til að fólk geti sjálft fyllt á.

7 Mímósubar er alger snilld en þá er raðað á lekkan bakka nokkrum tegundum af safa, freyðivíni, klaka og glösum. Ekki er verra að setja ber eða mintulauf svo fólk geti skreytt drykkinn.

8 Nota skal há freyðivínglós til að varðveita bubblurnar. Ef þau eru ekki til staðar þá er í lagi að notast við vínglós.

Granateplamímósa

Þessi er sú allra, allra besta. Eina vandamálið er að þú þarft að eiga handvirka djúspressu til að allt gangi sem best. Þá er vissulega hægt að kaupa granateplasafa í fernu en upplifunin er allt annað, líkt og ljósmynd af kossi.

½ granatepli, pressað
150 ml freyðivín

Safinn fer fyrst í glasið og svo er fyllt upp með freyðivíni.



MYND/GETTY

GRANATEPLI

Þegar granatepli eru keypt skal leitast við að kaupa þau sem eru þung og kjarninn farinn að leita inn á við. Þá eru þau hvað safaríkust. Einnig eru þau bestu með hýði sem minnr helst á leður og eplin ekki hringlaga heldur nokkuð flöt að ofan og neðan.



Vatnsmelónu- og myntumímósa

Athugið að mímósan verður aldrei betri en melónan sem notuð er. Því skal smakka melónuna áður og hreinlega hætta við partýið ef hún er ekki sæt og safarík. Ef melónan uppfyllir gæðakröfur er innihaldið hreinsað úr henni og svörtu steinarnir teknir úr. Aldin-kjötið er sett í blandara og hrtið því næst sigtað frá.

80 ml melónusafi
80 ml freyðivín
Fersk myntulauf

Hellið víninu fyrst í glasið, svo safanum og smellið að lokum laufunum með.



MYND/TM

Konungleg mímósa

100 ml góður appelsínusafi
100 ml freyðivín
1 msk. Grand Marnier

Freyðivínið fer fyrst í glasið, því næst safinn og svo grandíð.



MYND/TM



SUMARÍSINN

Mjúkis



— MED —
SUGRÆNNI LÍMÓNU

1L



Sumarísinn er vænn og grænn. Hann er svalandi á sjóðheitum stundum og stútfullur af lokkandi límónu. Smakkaðu — og þú kemst í sumarskap.

Una í eldhúsinu

Uppskriftir Unu Guðmundsdóttur, matgæðings DV, klicka ekki frekar en fyrri daginn. Hún býður nú upp á matarmikið salat sem er fullkomið á undan ljúfri Djöfla-tertunni.



Kínóa salat

150 g kínóa
150 g spínat
50 g rauðkál, ferskt
2-3 gulrætur
30 g radísuspírur
150 g bláber
50 g kókosflögur

Byrjið á að sjóða kínóa í potti (forðist að ofsjóða það, það á til að festast saman).


Blandið saman í skál spínati, gróf-

söxuðu, fersku rauðkáli, flysjuðum gulrótum, og blandið öllu vel saman við, nema kókosflögunum og kínóanu.

Sigtið vatnið af kínóanu og leyfið aðeins að kólna. Blandið því svo saman við salatblönduna, vel og vandlega.

Að lokum er kókosflögum stráð yfir.

Verði ykkur að góðu.



MYNDIR/ÁSENDAR

Djöflaterta með kaffikremi og granateplum

Kökubotnar
200 ml soðið vatn
6 msk. kakó
100 g púðursykur
130 g smjör
100 g sykur
3 egg
220 g hveiti
½ tsk. lyftiduft
½ tsk. matarsóði
3 tsk. vanilludropar

Ofn hitaður í 180 gráður og tvö 20-25 cm bökunarform húðuð vel að innan með annaðhvort Pam-úða eða smjörlíki.

Kakói (passið að sigta kakóið saman við) og púðursykri er blandað saman við soðið vatn. Gætið þess að það sé ekki meira en fingurvolgt. Setjið til hliðar.

Bræðið smjör og leyfið að kólna aðeins og blandið svo saman við sykurinn þar til blandan verður ljós og létt í sér. Þá er eggjunum bætt saman við blönduna og öllu hrært vel saman.

Því næst er restinni af þurrefnunum bætt saman við.

Að lokum er vatninu sem búið var að blanda með sykri og kakói bætt út í og deiginu blandað vel saman.



Deiginu er svo skipt jafnt í tvö bökunarform og bakað í um 25-35 mínútur.

Passið að botnarnir kólni alveg áður en kreminu er smurt á.

Kaffikrem
250 g smjörlíki
250 g flórsykur
2 msk. vanilludropar
5 msk. uppáhellt kaffi
1 granatepli, til þess að setja fræin ofan á kökuna

Hellið upp á smá kaffi, tilvalið að nota það síðar með kökunni. Takið frá smá kaffi í bolla og leyfið að kólna.

Þeytið vel saman flórsykri, smjörlíki (mjúku) og vanilludropum. Best er að stilla á meðalhraða og leyfa kreminu að blandast vel saman í nokkrar mínútur.

Blandið kaffinu saman við og þeytið áfram í smátíma.

Skerið granatepli í tvennt og takið kjarnann frá, ef eplið er mjög blautt er gott að þerra fræin aðeins með servíettu og taka mesta rakann.

Smyrjið kreminu á milli botnanna og síðan að utan og stráið svo fræjunum yfir toppinn á kökunni.

Verði ykkur að góðu.

Hvar ætlar þú að
veiða í sumar?



www.veidikortid.is



Walk-in N

Stilhrein sturta.
Sturtubotn fánlegur í
mörgun stærðum og litum.
Sturtuveggur með væng,
8mm hert öryggisgler.

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is 

**INNRETTINGAR
& TÆKI**
- fyrir þitt heimili

Erla
Hlynsdóttir
erlahlyns@dv.is



Jóhannes Ásbjörnsson, oftast kenndur við Hamborgarafabrickuna, er einn af aðaleigendum Gleðipinna sem reka fjölda veitingastaða á borð við Keiluhöllina, Shake&Pizza, Eldsmíðjuna og Pítuna í Skip-holti.

„Ég var mjög ungur þegar áhuginn á matargerð vaknaði og var alltaf duglegur að nota afganga úr ísskápnum heima hjá mömmu og pabba til að prófa mig áfram. Ég notaði allt sem til var og blandaði saman, t.d. í eggjakökur og pastarétti. Svo tók grilltímabilið við, og þegar ég fór í útilegur þá vakti það mikla athygli að ég var með allan kryddlagerinn meðferðis og var sá sem fyllti sveppina með osti og skar niður grænmeti með steikinni. Menn voru að vinna með forkryddað kjöt á einnota grilli en ég var að sjálfsögðu með ferðagagrill, stoltur grillari,“ segir hann.

Sér um eldamennskuna

Jóhannes, eða Jói eins hann er alltaf kallaður, bjó um skeið á Ítalíu og þá snarjókst mataráhuginn. „Ég fékk þar alveg sæg af hugmyndum og féll fyrir nýju og spennandi hráefni eins og hráskinku og Mozzarella-osti. Þar lærði maður líka að fá en góð hráefni eru yfirleitt líklegri til að skapa frábæran mat. Ítalir eru alveg með þetta þegar kemur að virðingu fyrir matnum, bæði hvernig hann er eldaður og hvernig hans er neytt. Í dag starfa ég við mat daginn út og inn. Ég sé alfarið um eldamennskuna á mínu heimili en frúin og krakkarnir fá oftast að velja hvað er í matinn,“ segir Jói.

Óhræddur við nýjan mat

Hann játar þó að í seinni tíð borði fjölskyldan töluvert af take-away af veitingastöðunum sem Gleðipinnar reka.

„Bæði vegna þess að þeir eru fjölbreyttir og góðir, og eins þarf maður sífellt að vera að smakka og taka út matinn sem maður er að auglýsa og selja sjálfur. Ekki spillir fyrir að nú er hægt að fá matinn frá öllum stöðunum okkar heimsendan, bæði með Hreyfli og eins með Aha. Ég hef alltaf borðað allan mat og aldrei verið hræddur við að prófa eitthvað nýtt. Ég fer alveg óhræddur á litla lókal staði erlendis og er alltaf að safna í sarpinn hugmyndum að nýjum réttum, straumum og stefnum.“

Einn af uppáhaldsréttum fjölskyldunnar er ítalski kjúklingarétturinn Saltimbocca. „Þetta er þekktur heimilsréttur á Ítalíu, soldið eins og bjúgu og uppstúfur á Íslandi. Það er ákveðin handavinna að undirbúa hann en hann slær alltaf í gegn,“ segir Jói. ■



Jóhannes Ásbjörnsson á Hamborgarafabrickunni með Laddann, hamborgara til heiðurs leikaranum Ladda.

MYND/ERNIR

Stoltur með ferðagagrill í útilegunni

Jóhannes Ásbjörnsson byrjaði ungur að gera tilraunir í eldhúsinu. Hann bjó um skeið á Ítalíu og þá snarjókst áhuginn á matreiðslu.

Saltimbocca

Kjúklingalundir
Fersk salviublöð
Parmesan-ostur
Hráskinka
Sjávarsalt
Íslenskt smjör
Hvítvín

Perrið og snyrtið kjúklingalundirnar

Notið ostaskera til að búa til langar sneiðar úr parmesan-ostinum og leggið sneið ofan á hverja lund - Leggið hráskinku ofan á parmesan-ostinn (1 sneið dugir á ca. 3 lundir).

Leggið salviublað ofan á hráskinkuna og festið saman með tannstingli.

Hitið smjör á pönnu, setjið vel af salti í smjörinu, og byrjið að steikja þegar smjörinu er „þagnað.“

Steikið í ca. 2-3 mínútur á hvorri



MYND/ADSEND

hlið á mjög heitri pönnu. Þegar búið er að steikja allar lundirnar er töluvert af gómsætu gumsi á pönnunni. Skvettið þá ca. dl af hvítvíni á pönnuna, hrærið og skafið gumsið og hellið yfir lundirnar á fati.

Meðlæti

Með þessu finnst Jóa best að bera

fram ferskt og einfalt salat, klettasalat, mozzarella-ost, kirsuberjatómata og góða ólífúolíu.

Klettasalat
Mozzarella-ostur (úr Bufflamjólk ef hann fæst)
Kirsuberjatómatar
Góð ólífúolía

Matseðill

Jóa

Morgunmatur

Kaffibolli. Borða aldrei neitt fyrir en í hádeginu.

Hádegismatur

Yfirleitt tekinn á veitingastöðunum okkar. Salat á Saffran, borgari á Fabrickunni eða jafnvel píta.

Kvöldmatur

Mjög misjafnt, en yfirleitt léttari máltíðir framan af viku og svo þyngist róðurinn þegar líður að helginni.

Við grillum yfirleitt um helgar og þá helst gott nautakjöt eða pizzur á pizzasteini. Mæli sérstaklega með Blackbox pizzunum sem fást í Krónunni.

FRÁBÆRAR KILJUR

Eitthvað fyrir alla í helgarlesturinn


Jack Reacher er mættur aftur til leiks í bók sem grípur þig heljartökum strax frá upphafi



SG/ Morgunblaðið



BÓKSÖLU LISTINN
Topplistinn
Júní



BÓKSÖLU LISTINN
Topplistinn
Júní

Næsta ævintýri Hungurleikanna er hafið! Forsagan sögð í bók sem er að slá í gegn um heim allan.



KLJ / Lestrarklefinn



BÓKSÖLU LISTINN
Topplistinn
Júní

Síðasta bókin í sagnabálinum ofurvinsæla um Neshov fólkið eftir Anne B. Ragde



„Bravó, Ragde!“
Dagbladet



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16 | www.forlagid.is


HELGAR KROSSGÁTAN

		EYÐAST	ÞÁTT-TAKANDI	KIRTILL	BRESTIR	GALLA-EFNI	SVIKULL SEGL-HRINGUR		
	BÝSNA							EFTIRSJÁ	
	MÁLREIF		7			KRÍKI			
	SMUGA				1	BÚSTAÐUR		2	
	RÁNFUGL					HRIKT			
						VIÐBÓT			
	NÁLEGA						HNUSA	MÁNUÐUR	
	TÍMABILS								
		ENDIR FROST-SKEMMD		SNÆÐ-INGUR		SNAP	GLÓÐA	FYRIR SPREIA	
	ÓSTILLTUR					NOTA KNÖTT			HAGNAÐUR
ÁBREIDA			TÍMABIL				HRYGGÐ		
LÍFFÆRI			FYRIR-GEFA				SMÁU		
			3	SKYNDI-SALA			ÍPRÓTTA-FÉLAG		
			ERLENDIS				SÁÐKORN		
	ÓVIN-VEITTUR		FULL-SKIPAD HLJÓÐAR			TIL SÖLU	SKORDÝR		
							GERLEGT		
								MÁTTUR	
	STÆLIR					TIL BAKA		4	
	GORTA					SJÚK-DÓMUR			
STAUR		6			TÍMGUN				
RÓTA					GLEÐI			TÍÐAR	
					HVÍLST				
					STOÐ-GRIND	GÆTA	DRAGA		
							PIRRAÐUR		
GUTL		ÁLITS	FAR-KOSTUR	ÁVITA			STROFF		
							NÖÐRU		
				LOSA				MORKNA	
VERÐ-SKULDUÐ	5								
LÆKNING						VINNA		ÓTTIST	
				BJARTUR				RASK	
	SVEKKJA					ÞÁTTUR			



Verðlaunahafi síðustu helgarkrossgátu
Guðmundur Guðbrandsson, Reykjavík.

Rétt svar við gátu vikunnar skal senda á krossgata@dv.is ásamt nafni, símanúmeri og heimilisfangi.



Verðlaun fyrir rétt svar er bókin Dóttirin, eftir Anne B. Ragde.

Torunn hefur tekið við rekstrinum á Útfararstofu Neshovs og heldur áfram að leggja lúid býlið undir sig. Eins og til að fullkomna það verk ákveður hún að taka upp eftirnafnið Neshov, en þá bresta veikburða böndin milli hennar og móður hennar. Þegar von er á fjölskyldu Erlends frá Kaupmannahöfn færir gamli vonbiðillinn Kai Roger, Torunni tvo grísi handa börnunum að leika sér við, hann skilur ekki að hún hefur endanlega gefist upp á svínarækt. Eini ljósi punkturinn er afleysingapresturinn Frank, sem er svo ansi myndarlegur, bæði í hempu og hjólagalla ...

Með Dótturinni lýkur Anne B. Ragde sagnabálkinum ofurvinsæla um Neshovfólkið, sem hófst með Berlínaröspunum. Þetta er bók um konu sem alla ævi hefur verið á flóttu en þorir loks að taka ábyrgð og standa með sjálfri sér.

Silja Aðalsteinsdóttir þýddi.

SUDO KU

Lausnarorð þessarar helgarkrossgátu er:

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---


	2		3				
1			7			8	
	6		2	1			5
	1	6		4			
					8	6	
4	5			2			
		3				5	
			1	7	9		
			4	8			

						7	
		2	4				
3	8		1				2
			6		3		
		3				1	
						5	9
		6	3	1			8
	7			4	8		
1			5	9			

Lausn síðustu helgarkrossgátu

			P	P	K	D	
			M	A	R	I	U
			Ó	N	Á	Ð	A
			S	T	A	K	A
			A	M	I	H	R
			S	A	N	N	A
			E	T	A	L	V
			H	E	R	A	Ð
			A	S	N	A	G
			L	A	G	S	I
			R	E	K	H	R
			D	A	Ð	L	A
			T	G	J	A	R
			H	I	M	N	U
			Æ	Ð	A	K	O
			F	I	S	K	U
			E	I	N	S	M
			N	I	S	T	I

Stjörnurnar krúttast með krökkunum sínum



Þegar þær eru ekki að leika, sitja fyrir, syngja inn á plötu, ganga rauða dregilinn eða hafa áhrif á kauphegðun almúgans á samfélagsmiðlum, gefa stjörnurnar sér stundum tíma til að verja gæðastundum með fjölskyldunni. Alveg eins og við hin.

Ritstjórn
dv@dv.is



UNGUR NEMUR GAMALL TEMUR

Gisele Bündchen kennir dóttur sinni jógaflæði.

BUSLAÐ Í BAÐI

Ofurfyrirsætan Chrissy Teigen ásamt börnunum sínum.

MÆÐGUR Í STÍL

Serena Williams og dóttir hennar Alexis Olympia stilla sér upp fyrir leik.



MÖMMUKOSS

Kylie smellir fallegum kossi á Stormi.



PABBI DOTTAR

Kanye West svæfir bæði sjálfan sig og North.



BLUNDUR Í BÍLNUM

Alicia Keys í bílnum með sonum sínum.



AÐEINS OF SÆT

The Rock og dóttir hans Jasmine.



PABBI KLIPPIR

David Beckham klippir hárið á dóttur sinni Harper.

SPÁÐ Í... stjornurnar

LESID Í TAROT Sunneva Einarsdóttir

Óskirnar munu rætast

Að þessu sinni er spáð fyrir áhrifavaldinum Sunnevu Einarsdóttur sem er fædd 7. ágúst 1996 og er því alveg að verða 24 ára.

Sunneva er fædd í Ljónsmerkinu og því gaman að segja meira frá því merki. Ljónið er ástríðufullt, hlýtt og glaðlynt. Ljónið hefur gaman af því að gleðja fólk og skemmta því og er einnig þekkt fyrir að vera gjafmilt. Þetta er forvitnið merki og finnst gaman að afla sér upplýsinga um alls kyns tilviljanakennda hluti sem það hefur áhuga á. Helstu ókostir Ljónsins eru þrjóska og ópolinnmæði.

Jafnvægi

Lykilorð: samningar, sanngirni, sannleikur, orsök og afleiðing

Það fyrsta sem kemur til mín er að þú sért að fara að skrifa undir mikilvægan samning. Ég sé pappíra og lögmennt sem koma að þessum samningi. En það er léttur blær sem fylgir þessu spili þannig að þetta er greinilega góður samningur sem mun láta gott af sér leiða. Taktu þér góðan tíma og gerðu þær kröfur sem þú vilt.

Stjarnan

Lykilorð: von, trú, tilgangur, endurnýjun, andleg mál
Stjörnuþing er svokallað óskaspil, alheimurinn er að hlusta og óskir munu rætast. Innsæi mínu finnst þetta tengjast heilsunni, þú ert að huga betur að heilsunni þessa dagana, bæði andlegri og líkamlegri. Þú færð aukinn lífskraft með því að gefa þér tíma í þessi mál-efni og þessi kraftur mun vera grundvöllurinn að því að allt fer að ganga betur upp hjá þér.

Elskendurnir

Lykilorð: kærleikur, sátt, sambönd, jöfnun, gildi, val
Ástin blómstrar. Kúrekinn ríður í gegnum eyðimörkina og þegar sandurinn sest sér hann ástina sína, ró kemur yfir hann og fuglarnir fara að syngja á ný. Erilsamir tímar hafa haldið aftur af rómantíkinni en í kortunum sést að nýir tímar eru í vændum þar sem ástin fær að blómstra á ný.



MYND/ERNIR

Skilaboð frá spakönunni

Þetta er svo falleg spá hjá þér að það eina sem ég get sagt við þig að þessu sinni er að þakka fyrir það sem þú hefur og þau tækifæri sem lífið hefur gefið þér og það jafnvel í formlegu bréfi. Þakklætið er svo mikilvægt og ætti að vera mantra manns á morgni hverjum.



STJÖRNUSPÁ Vikan 31.07. – 06.08.

Svona verður verslunarmannahelgin hjá þér

♈ Hrútur
21.03. – 19.04.

Þú ert nú þegar stressuð/aður yfir því að sólin muni ekki mæta í partíði þitt og ert líkleg/ur til þess að vera búin/n að pakka eða farin/n að baka fyrir helgina. Það skal vera gaman! En þú ert sætur flippkisi sem auðvelt er að gleðja þannig að trúnið og Aperol Spritz munu bæta upp fyrir allar væntingarnar þínar.

♎ Vog
23.09. – 22.10.

Vogin dansar inn í helgina og er alveg slétt sama um hvað öðrum finnst! Ef þú ert foreldri þá mun táningurinn skammast sín fyrir þig alla helgina (en samt í alvöru bara dást að þessu innra barni þínu). Þú munt dansa úti, inni á bensínstöðinni og langt fram á nótt.

♏ Naut
20.04. – 20.05.

Þú ert týpan sem vill tjalda! Þú átt þrimus sem þú talar meira um en þú ættir og ert spenntari en börnin yfir því að grilla sykurpúða sem þú stingur auðvitað grein í gegnum frekar en einhverju aðkeyptu spjóti frá Hagkaup. Náttúrubarnið þitt mun blómstra um helgina.

♏ Sporðdreki
23.10. – 21.11.

Það er veiðiferð í kortunum þínum um helgina og það verður fiskað eins og enginn sé morgundagurinn. Þú ert líka með svo mikið vinnueðli að þú nýtur þess að hafa smá fyrir hlutunum áður en þú uppskerð.

♏ Tvíburar
21.05. – 21.06.

Æ, þú ert svo skemmtilega grilluð týpa. Þú sérð tilefni til þess að fara í búning um helgina og ert mega peppuð/aður yfir því að fá alla fjölskylduna, blóðskylda eður ei, í skemmtilega leiki. Hver er til í Kubb?

♏ Bogmaður
22.11. – 21.12.

Hvar er glamúrinn? Hann er með þér, því þú pimpar allar helgarferðir upp með kampavíns-útileuglögum sem þú geymir í 'Merry Poppins' Michael Kors-töskunni, glimmeri í rassvasanum og bluetooth-hátalara í hanskahólfinu. Alltaf tilbúin/n í partíði og því sjaldan leiðinlegt með þér.

♏ Krabbi
22.06. – 22.07.

Eins og venjulega þá ert þú sáttust/astur þegar allir koma saman. Stórt ítalskt fjölskylduboð er í kortunum þínum þar sem allir tala hver yfir annan, hlæja hátt, borða og drekka tímunum saman. Í öllum þessum látum situr þú þögull með sjálfum þér og lítur yfir þennan fagra hóp með þakklæti í huga.

♏ Steingeit
22.12. – 19.01.

Þú kýst vini þína fram yfir fjölskylduna þessa helgina því þó þú elskir fjölskylduna þá þarftu smá svigrúm frá henni. Óvænt 'roadtrip' með vinum þínum er í kortunum, ekkert svo vel planað en ekkert í boði annað en að hafa gaman og skella sér í kaldan sjóinn.

♏ Ljón
23.07. – 22.08.

Ljónið undirbýr sig í eitt sykki 'hipster' útilegu. Grasstrá í kjafti, kúrekahattur og varðeldur. Ekki gleyma nokkrum myndum fyrir samfélagsmiðlana, annars gerðist þetta ekki! Það verður sungið um helgina alveg þannig að þú verður rám/ur á mánudaginn kemur.

♏ Vatnsberi
20.01. – 18.02.

Þú ákveður að vera heima að þessu sinni. Þú nýtir helgina í heimilisdúllerí, skipulag, bakstur, Netflix og notalegt fjölskylduhangs. Engin plön eru stundum bestu plönin og þá er líka svigrúm fyrir hið óvænta.

♏ Meyja
23.08. – 22.09.

Það verður kósý hjá Meyjunni! Þú ert með vel valdar bækur, Yogi-teið þitt sem þú kaupir bara til að geta lesið á litla miðann með skemmtilegu heimspekinni og sumarþústað sem þú bókaðir fyrir mánuði síðan.

♏ Fiskur
19.02. – 20.03.

Þín draumhelgi væri að allt þitt fólk færi í sveitina og þú fengir smá einveru sem þú nýtur betur en nokkur annar. Þú ert þó í spilastuði þessa helgina og tekur öll borðspilin þín og tarotspilin þín upp í bústað. Notaleg helgi fram undan.

Svona eiga þau saman

Ólík en óstöðvandi saman

Fjölmiðlakonan Viktoría Hermannsdóttir og grínistinn Sólmundur Hólm Sólmundarson, betur þekktur sem Sóli Hólm, eru á meðal þekktustu para landsins og hafa bæði skapað sér sess í sínum geira. DV lék forvitni á að vita hvernig þau eiga saman ef litið er til stjörnumerkjana.

Sóli er Krabbi og Viktoría er Vatnsberi. Krabbinn er skapandi, hugmyndaríkur, tilfinninganæmur. Krabbar eru heimakærir fjölskyldumenn sem kunna vel við sig í öryggi og kósíheitum. Vatnsberinn er meiri félagsvera: vingjarnlegur, opinn, og sérvitur. Einstaklingar í Krabba- og Vatnsberamerkjunum eiga það sameiginlegt að vera metnaðarfullir og ákveðnir, hafa löngun til að fara sínar eigin leiðir en forðast átök. Krabbinn er oft íhaldssamur og hefðbundinn og finnst þægilegt að vera í rúttinu. Vatnsberinn er líklegri til að verða eirðarlaus og leitar frekar í tilbreytingu.

Þó svo að þessi tvö merki virðist við fyrstu sýn vera of ólík þá má ekki gleyma að andstæður laðast hvor að annarri. Þegar þessir tveir einstaklingar finna leið til að láta ólíka eiginleika sína vinna saman eru þeir óstöðvandi. ■



MYND/STEFÁN KARLSSON

Viktoría Hermannsd.

11. febrúar 1987
Vatnsberi
■ Frumleg
■ Sjálfstæð
■ Mannvinur
■ Framsækin
■ Fjarlæg
■ Ósveigjanleg

Sólmundur Hólm

14. júlí 1983
Krabbi
■ Forvitinn
■ Mikil aðlögunarhæfni
■ Fljóttur að læra
■ Skipulagður
■ Taugaóstyrkur
■ Ákvarðanafællinn

STEFNIR AÐ ÞVÍ AÐ KOMAST AFTUR Í ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ

Knattspyrnukonan Natasha Moraa Anasi kemur frá Texas. Hana óraði ekki fyrir því að una sér svo vel á Íslandi og hyggst dvelja hér á landi með fjölskyldunni til frambúðar.

Sóley
Guðmundsdóttir
soley@dv.is



Landslagið var það sem heillaði mig," segir Natasha Moraa Anasi, fyrirlíði knattspyrnuliðs Keflavíkur, um meginástæðuna fyrir því að hún valdi að koma til Íslands að spila fótbolta. Hún er mikil útivistarmanneskja og er dugleg að ferðast um landið. Natasha hóf feril sinn á Íslandi með ÍBV árið 2014 og spilaði með þeim 50 leiki. Árið 2017 skipti hún yfir í Keflavík, þar sem hún hefur einnig spilað 50 leiki.

Natasha býr í Reykjanesbæ ásamt unnusta sínum Rúnari Inga Erlingssyni og börnum þeirra Harper Eyju og Óliver Daða.

100 leikir á Íslandi

Þegar Natasha kom til Íslands um mitt sumar árið 2014 óraði hana ekki fyrir því að vera enn að spila hér á landi árið 2020. Natasha hefur nú spilað 100 leiki hér á landi, í deildar- og bikarkeppni.

„Það er mjög gaman að hafa náð öllum þessum árum og leikjum. Ég hafði reyndar ekki hugmynd um að ég væri komin með 100 leiki. Bæði árið 2014 og 2015 var ég efins um hvort að mig langaði að koma aftur að spila hér en ég kom alltaf aftur, sem betur fer.“

Finnst Ísland vera heima

Natasha fékk íslenskan ríkisborgararétt í desember á síðasta ári.

„Það var æðislegt. Fyrst og fremst var þetta mikilvægt fyrir fjölskylduna. Ég fann að þetta var rétti tímunkturinn. Mér var farið að finnast Ísland vera heima," segir Natasha. Henni líður mjög vel á Íslandi og gæti ekki hugsað sér að flytja aftur til Bandaríkjanna eins og staðan er núna. „Allir hér eru svo rólegir, það er svo gott að vera á Íslandi. Ég myndi segja að Ísland væri einn besti staður í heiminum til að byggja upp fjölskyldu. Á meðan við erum með ung börn hugsum við ekkert um að flytja til Bandaríkjanna. Ég gæti alveg hugsað mér að flytja þangað í framtíðinni.“

Fyrstu landsleikirnir

Natasha hefur verið einn af öflugustu varnarmönnum á Íslandi frá því hún kom til



Natasha er ánægð með lífið á Íslandi og mun ekki flytja aftur til Bandaríkjanna í brád.

MYND/ERNIR

landsins. Eftir að hún fékk íslenskan ríkisborgararétt varð hún gjaldgeng í íslenska landsliðið. Í byrjun mars á þessu ári spilaði Natasha sína fyrstu landsleiki fyrir Íslands hönd.

„Ég get eiginlega ekki lýst tilfinningunni að spila þessa leiki. Það var frábært að fá þetta tækifæri og þetta var mjög gaman. Allir í kringum liðið tóku vel á móti mér.“

Bónorð og bikarúrlit

Margt hefur drifið á daga Natöshu frá því hún kom fyrst til landsins. Hún ber sterkar taugar til Vestmannaeyja, eftir að hafa varið fyrstu árunum með ÍBV. Eftir stutta umhugsun nefnir Natasha tvo atburði sem hún telur hvað eftirminnilegasta við dvöl sína á Íslandi og tengjast þeir báðir Vestmannaeyjum.

„Á Þjóðhátíð 2018 fórum við Rúnar í bátsferð með vinum okkar. Í ferðinni var stoppað í helli þar sem hann bað mín. Það var ótrúlegt augnablik sem ég mun aldrei gleyma.“

Natasha hefur upplifað bæði hæðir og lægðir í boltanum. Árið 2016 komst Natasha og lið hennar, ÍBV, í bikarúrlit, þar sem liðið tapaði fyrir Breiðablik. Segir hún bikarúrlitaleikinn alltaf ofarlega í huga sér.

„Þetta var skemmtilegur leikur og þrátt fyrir að við töpuðum þá spiluum við vel. Við vorum skemmtilegur hópur og andrúmsloftið var frábært í kringum leikinn.“

Spilar eins lengi og líkaminn leyfir

Natasha segir erfitt að segja til um hvað framtíðin ber í skauti sér. Hún vill þó spila fótbolta eins lengi og líkaminn leyfir.

„Ég er að verða 29 ára og veit ekki hvað ég á mörg ár eftir. Það væri gaman að komast aftur í landsliðshóp.“ Lið hennar Keflavík spilar í næstefstu deild. Hún telur það að spila ekki í efstu deild, ekki hindrun fyrir hana að vera aftur valin í landsliðið.

„Deildin er sterkari en oft áður. Liðin í deildinni eru sterk og samkeppnin er góð. Ég ætla að halda áfram að leggja mig alla fram við æfingar og þá tel ég að ég geti gert tilkall til landsliðssætis. Ef ég held áfram að standa mig vel ætti þetta ekki að skipta máli," segir Natasha. ■

„Ég get eiginlega ekki lýst tilfinningunni að spila þessa leiki. Það var frábært að fá þetta tækifæri og þetta var mjög gaman.“



FAGVERK



VIÐ ERUM SÉRFRÆÐINGAR Í **MALBIKUN**

Malbikunarframkvæmdir eru okkar sérsvið. Við tökum að okkur malbikun á bílastæðum, stígum, götum, vegum og hvar sem þarf að malbika. Við tryggjum fyrirtaks þjónustu sem svarar ýtrustu gæða- og öryggiskröfum. Hafðu samband.

malbikstodin.is | 864 1220 | Flugumýri 26 | Mosfellsbær



fuzzy

Íslensk hönnun: Sigurður Már · Íslensk framleiðsla



SAND KORN



MYND/ANTON BRINK.

Tveir metrar

Tíminn er afstæður, sagði Einstein. Tveir metrar eru það líka. Tveir metrar þykir flestum ekki löng vegalengd, en sem lágmarkslengd milli manna verða þeir skyndilega svo miklu meira. Hvað eru tveir metrar á milli vina?

Tveir metrar eru nóg til að aflýsa heilli verslunarmannahelgi. Aflýsa Hinsegin dögum. Aflýsa Berjadögum á Ólafsfirði og Blómstrandi dögum í Hveragerði. Sumarið 2020 er „skrýtnasta sumarið“ sagði Víðir Reynisson við unga fólk-ið um leið og hann bað það um að hætta við útileguna. Hætta við ferðalagið. Grillveisluna. Afmælið. Útskriftina.

Jú, þetta skrýtna sumar er skrýtið og varð skrýtnara í liðinni viku.

Hagsmunir eins umfram annarra?

Eftir nokkrar bjartar vikur undanfarið er þjóðarsálin allt önnur en hún var í vor. Slaknað hafði á spennitreyjunni, röðin á Bæjarins bestu var aftur orðin útlensk að mestu og Dacia Dusterarnir farnir að raða sér á bílastæði Gullfoss og Geysis.

Þrátt fyrir einfaldari tíma spurðu einhverjir sig hvort verið væri að fara of geyst í opnun landsins. Spurði Egill Helgason fyrr í þessari viku: „Gæti verið að ástandið sem við höfum upplifað á þessu sérstaka sumri sé svikalogn?“

Egill er ekki einn hrópandi í eyðimörkinni lengur. Fyrsta spurning til ríkisstjórnarinnar á blaðamannafundi fimmtudagsins var frá Birni Inga á Viljanum: „Fórum við of geyst í opnunina?“ Nei, sagði Katrín. Jú, sagði Twitter.

Egils „i-told-you-so“ hafði ekki borist þegar blaðið fór í prentun.



„I told you so!“

LOKI

HEIMA ER BEST

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND
*NEMA ÚTSÖLUVÖRUR

KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ OG VERSLAÐU Í RÓLEGHEITUM Í VEFVERSLUN OKKAR

VEFVERSLUN
svefnogheilsa.is

★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

NÝ SENDING AF SÆNGUM BY BRINKHAUS



ÚRVAL AF SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM



PRESTON
Svefnsófi
Verð áður kr. 249.900
NÚ AÐEINS KR. 224.910

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM



20-50%
AFSLÁTTUR

NÝTT OUTLET

Gerðu frábær kaup

20-50%
AFSLÁTTUR



Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*


*Samkvæmt könnun frá Gallup.



Svefn & heilsa



BALDURSNESS 6 - AKUREYRI



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233 | BALDURSNESSI 6, AKUREYRI s. 461 1150 | **OPIÐ** virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16
UMBODSADILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstaðir